# KRÖFULÝSING
# FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
# F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
# UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12,
# EYJUR OG SKER

## HLUTI B
## AUSTURLAND

EFNISYFIRLIT

1. ALMENN ATRIÐI ..... 3
2. UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR ..... 4
3. ALMENNT UM B HLUTA KRÖFUSVÆÐIS, AUSTURLAND ..... 6
3.1. Afmörkun kröfusvæðis ..... 6
3.2. Sveitarfélög á kröfusvæðinu ..... 6
4. HLUTI B, AUSTURLAND ..... 7
4.1. Vestur-Skaftafellssýsla ..... 7
4.2. Austur-Skaftafellssýsla ..... 7
4.3. Suður-Múlasýsla ..... 31
4.4 Norður-Múlasýsla ..... 60
5. KRÖFUSVÆÐI OG KRÖFUGERÐ ..... 67
5.1. Almennt ..... 67
5.2. Nafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins ..... 68
5.3. Ónafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins ..... 72
5.4. Utan þjóðlendukröfu íslenska ríkisins ..... 72
6. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI ..... 73

**KRÖFULÝSING**
**FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA**
**F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS**
**UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12,**
**EYJUR OG SKER**

**HLUTI B**
**AUSTURLAND**

## 1. ALMENN ATRIÐI

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 19. apríl 2023, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 12 til meðferðar, Eyjar og sker. Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 31. ágúst 2023. Var fresturinn framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, til 1. desember 2023.

Málsaðili: Aðild að þessu máli á fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, f.h. íslenska ríkisins, sbr. 2. og 11. gr. laga nr. 58/1998. Samkvæmt 2. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Í 11. gr. laganna er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að hann fari með fyrirsvar fyrir hönd íslenska ríkisins og stofnana á vegum þess, vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendna. Fyrirsvar þetta er einnig talið ná til eignarlanda ríkisins á þjóðlendumörkum.

Fyrirsvar: Lögmenn íslenska ríkisins í máli þessu eru Edda Björk Andradóttir, kt. 280676-5199, edda@juris.is, og Andri Andrason, kt. 120284-2749, andriandra@juris.is, Juris slf., Borgartúni 26, Reykjavík, sími 580-4400.

Afmörkun kröfusvæðis:

Kröfusvæðið í heild afmarkast svo, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 19. apríl 2023:

> *Málsmeðferðin tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru innan eftirfarandi afmörkunar: Í fyrsta lagi á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar umhverfis meginlandið, Grímsey og Hvalbak skv. 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í öðru lagi innan landhelgismarka umhverfis Kolbeinsey samkvæmt sömu málsgrein.*

## 2. UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR

Kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, á svæði 12 hefur verið skipt niður í eftirfarandi átta hluta:

HLUTI A, SUÐURLAND
HLUTI B, AUSTURLAND
HLUTI C, NORÐURLAND EYSTRA
HLUTI D, NORÐURLAND VESTRA
HLUTI E, VESTFIRÐIR UTAN BREIÐAFJARÐAR
HLUTI F, BREIÐAFJÖRÐUR
HLUTI G, VESTURLAND UTAN BREIÐAFJARÐAR
HLUTI H, SUÐVESTURLAND

Framsetningu kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12, Eyjur og sker, er ekki háttað með sama hætti og verið hefur í fyrri málum óbyggðanefndar.

Svæði 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, hefur verið skipt niður í framangreinda átta hluta eftir landshlutum og er sérstök kröfulýsing fyrir hvern og einn þeirra. Þótt sýslur séu ekki lengur gildar stjórnsýslueiningar á Íslandi er landshlutunum átta skipt upp eftir sýslum. Í hverri og einni kröfulýsingu er þannig fjallað um þann hluta hafsvæðis sem liggur að nánar tilteknum sýslum. Ástæða þessarar skiptingar er umfang svæðis 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, en svæði 12 tekur til alls hafsvæðis umhverfis meginland Íslands, Grímsey og Kolbeinsey, frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins til ytri marka landhelginnar.

Svæði 12 er einnig skipt með þessum hætti vegna umfangs yfirfarinna heimilda. Yfirferð heimilda vegna svæðisins var eðli málsins samkvæmt sérstaklega umfangsmikil enda taldist nauðsynlegt að fara yfir heimildir er tóku til alls svæðisins, sem og meginlandsins. Jarðabækur Árna Magnússonar og Páls Vídalín voru þannig allar yfirfarnar, sem og allar landamerkjabækur, sýslu- og sóknarlýsingar, og jarða- og fasteignamat fyrir allt landið. Tæplega sextíu Árbækur Ferðafélags Íslands, sem og tugir sérstakra heimilda um eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar, voru jafnframt yfirfarnar. Heimildaskráning vegna svæðis 12 er vel yfir þúsund blaðsíður. Framangreind skipting svæðis 12 einfaldar framsetningu allra þessara heimilda.

Framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er jafnframt frábrugðin því sem verið hefur í fyrri málum að því leyti að kröfugerð ríkisins tekur bæði til fjölda nafngreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga og til ótilgreinds fjölda ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga.

Þessi framsetning skýrist af því að málsmeðferð á svæði 12 tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjölmörg hugtök eru notuð um slíkar landfræðilegar einingar, s.s. hólmar, flögur, boðar, drangar, rif, klettar, annes. Þrátt fyrir skýringar í orðabók getur reynst erfitt að heimfæra þessi hugtök á hinar mismunandi landfræðilegu einingar ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjöldi eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga umhverfis Ísland liggur ekki fyrir. Það eru því ekki bara eyjarnar á Breiðafirði sem eru ótaldar. Við undirbúning kröfugerðar þessarar varð hins vegar ljóst að einungis *nafngreindar* landfræðilegar einingar ofansjávar eru taldar í þúsundum.

Við gerð kröfulýsingar var ákveðið að skipta eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegum einingum ofansjávar í þrjá flokka. Fyrst eru það eyjur sem eru eða hafa verið í byggð. Þá nafn- og ónafngreindar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa tengsl við tilteknar jarðir.

Loks eru það eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa óljós eða engin tengsl við jarðir á meginlandinu.

Í mörgum tilvikum er um að ræða eyjaklasa, en stærstu eyjaklasana við Ísland er að finna á Breiðafirði en Vestmannaeyjar eru einnig eyjaklasi. Þegar um slíka eyjaklasa er að ræða er í heimildum oftast vísað til tiltekinnar eyju sem heimaeyjar eða heimalands, en til annarra landfræðilegra eininga sem úteyja o.þ.h.

Með hliðsjón af þessum fjölda eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar við Ísland, og sérstöðu svæðisins gagnvart öðrum kröfusvæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar fjallað um, er ljóst að ekki var unnt að beita hefðbundnum aðferðum við framsetningu kröfulýsingar.

Framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er því með þeim hætti, sem fyrr segir, að lýst er þjóðlendukröfu í allar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar, bæði nafngreindar og ónafngreindar, sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hvers hluta kröfulýsingar, en að undanskildum þeim tilgreindu eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegu einingum sem tekið er fram að ekki sé gerð krafa til. Má hér segja að beitt sé *útilokunaraðferð*, þar sem svæði sem talin eru undirorpin beinum eignarrétti á grundvelli fyrirliggjandi heimilda eru útilokuð, en lýst er þjóðlendukröfu í öll önnur svæði.

Til nánari skýringar hér að lútandi vísast til kafla 5 í kröfulýsingu þessari. Þar er í kafla 5.1 fjallað almennt um málsástæður og röksemdir ríkisins til stuðnings þjóðlendukröfum. Í kafla 5.2 er síðan fjallað um þær nafngreindu eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem þjóðlendukrafa tekur til. Í kafla 5.3 er síðan áréttað að ónafngreindar eyjar, sker og landfræðilegar einingar falli jafnframt innan þjóðlendukröfu. Þá er í kafla 5.4 getið um þær eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem þjóðlendukrafa tekur ekki til.

Til viðbótar framangreindu má geta þess að framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er jafnframt frábrugðin því sem verið hefur að því leyti að þau svæði (eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar) sem þjóðlendukrafa tekur til eru ekki afmörkuð af kröfupunktum og -línum. Ástæða þessa er framangreindur fjöldi þeirra svæða sem þjóðlendukrafa tekur til og sú staðreynd að nokkur hluti þeirra svæða sem þjóðlendukrafa tekur til er ónafngreindur og óstaðsettur. Þá er það í langflestum tilvikum svo að þjóðlendukrafa tekur til alls þess svæðis sem um ræðir hverju sinni, þ.e. allrar viðkomandi eyju, alls skersins o.s.frv. Af þessum sökum er aðeins notast við kröfupunkta- og línur til afmörkunar þegar svo háttar til að gerð er þjóðlendukrafa til afmarkaðs hluta eyju.

# 3. ALMENNT UM B HLUTA KRÖFUSVÆÐIS, AUSTURLAND

## 3.1. Afmörkun kröfusvæðis

Í hluta B eru eftirfarandi sýslur:

*Vestur-Skaftafellssýsla*

*Austur-Skaftafellssýsla*

*Suður-Múlasýsla*

*Norður-Múlasýsla*

## 3.2. Sveitarfélög á kröfusvæðinu

Þau sveitarfélög sem liggja að kröfusvæðinu eru eftirfarandi:

Mýrdalshreppur

Mýrdalshreppur varð til 1. janúar 1984 við sameiningu Dyrhólahrepps og Hvammeshrepps. Einn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu; Vík. Íbúar sveitarfélagsins voru 877 árið 2023.

Skaftárhreppur

Skaftárhreppur varð til 10. júní 1990 við sameiningu fimm hreppa; Álftavershrepps, Leiðvallarhrepps, Skaftártunguhrepps, Kirkjubæjarhrepps og Hörgslandshrepps. Einn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu; Kirkjubæjarklaustur. Íbúar sveitarfélagsins voru 680 árið 2023.

Hornafjörður

Hornafjarðarbær varð til 12. júní 1994 við sameiningu Hafnar í Hornafirði, Nesjahrepps og Mýrahrepps. Þann 6. júní 1998 bættust Hofshreppur, Borgarhafnarhreppur og Bæjarhreppur við. Þéttbýliskjarnar eru fjórir; Höfn í Hornafirði, Hof, Nesjahverfi og Fagurhólsmýri. Íbúar sveitarfélagsins voru 2.547 árið 2023.

Sveitarfélagið Múlaþing

Sveitarfélagið Múlaþing varð til árið 2020 við sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þéttbýliskjarnar eru fimm; Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Fellabær, Djúpivogur og Borgarfjörður eystri. Íbúar sveitarfélagsins voru 5.208 árið 2023.

Fljótsdalshreppur

Enginn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu Fljótsdalshreppi. Íbúar sveitarfélagsins voru 95 árið 2023

Fjarðabyggð

Sveitarfélagið Fjarðabyggð varð til 7. júní 1998 við sameiningu Neskaupstaðar, Eskifjarðarkaupstaðar og Reyðarfjaraðarhrepps. Þéttbýliskjarnar eru sex; Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík. Íbúar sveitarfélagsins voru 5.262 árið 2023.

Vopnafjarðarhreppur

Einn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu Vopnafjarðarhreppi; Vopnafjörður. Íbúar sveitarfélagsins voru 661 árið 2023

## 4. HLUTI B, AUSTURLAND

### 4.1. Vestur-Skaftafellssýsla

#### 4.1.1. Eyjar í byggð

Ekki hafa fundist heimildir um eyjur, sker eða aðrar landfræðilegar einingar ofansjávar innan þessa hluta kröfusvæðisins.

#### 4.1.2 Heimildir um eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofansjávar með tengsl við jörð

##### 4.1.2.1 Dyrhóladrangar

Í Sýslu- og Sóknarlýsingum segir m.a. um Dyrhóladranga:

> Drangar standa þrír háir upp úr sjónum, kallaðir Dyrhóladrangar, tveir fram af Dyrhólaeyju og einn í útsuður af henni. Heitir sá næsti Háidrangur; þar fram af Lundadrangur; nokkuð vestur af honum er Mávadrangur. Í þessum tveimur er fýlatekja og eins í Kambinum.[1]

Í landamerkjabréfi fyrir Dyrhólajarðir (Austurhús), dags. 21. júní 1890, lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 30. júní 1890 segir eftirfarandi um Dyrhóladranga:

> Landamark er þúfa syðst á túni, ber í vörðu á Hlöðuhól á túni beint í sundið milli Dyrhólabæja, svo liggur markið vestur traðirnar, úr traðakjafti í þúfu, er stendur á Sandbrekku, þaðan í Merkigarð, ræður sá garður alt í Gerðalæk, svo Gerðalækur að vestanverðu í merkigarð, er liggur upp úr svokallaðri Bótarbrekku og í grjótvörðu á nyrðstu brún á Geitafjalli, þaðan í Gyltuból austan í fjallinu, og þaðan niður að mýri og inn með mýrinni inn fyrir svo kölluð Fjallsendaskifti í vörðu móts við reiðings nef að norðan, þaðan beint austur í Kýrkeldu, og skal þar hlaðast varða, ræður svo keldan suður úr og eftir af graslandi sleppur beint austur í Lambhaganef og svo í sjó austan við Dyrhólaey (Skorpunef í marki) og skal að austan Dyrhólaey fylgja rætur hennar eða það er við rís af sljettu, svo eiga Dyrhóla Austurhús Dyrhólaey drangana og svo vestur með sjó í fjörumark milli Austur- og Vestur-húsa, sem er varða áður nefnd á Hlöðuhól, ber í aðra vörðu á hól í Austurhúsa (Dyrhóla) túni og svo báðar til fjalls í Krukkshelli, sem er sunnan í Geitafjalli. Innan þessara takmarka hafa Vesturhúsa ábúendur haft ½ ~~af~~not af Dyrhólaey í mörg ár óátaldir. Austurhús eiga frían lambauppprekstur í Koltungum.[2]

### 4.2. Austur-Skaftafellssýsla

#### 4.2.1. Eyjur í byggð

Ekki hafa fundist heimildir um eyjur í byggð innan þessa hluta kröfusvæðisins.

#### 4.2.2 Heimildir um eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofansjávar með tengsl við jörð

---

[1] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 258.
[2] Skaftafellssýsla landamerkjabók, 1884-1958, bls. 111.

#### 4.2.2.1. Hrollaugseyjar

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um jörðina Fell:

> Hrollaugseyjar eru kölluð þrjú aðskilin sker, óbyggð og graslaus utan lítið eitt af skarfakáli á einu þeirra. Sker þessi eru misjöfn að hæð og stærð, liggja hvört undan öðru frá austri til vesturs. Hið austasta er lágt, en mest ummáls, hið annað því líkt að hæð, en minnst skerjanna, og aðskilur þau mjótt sund, svo steini má yfir kasta. Hið syðsta er nokkuð lengra frá, hæst og nærfellt að stærð því austasta. Yfir tvö hin fyrri gengur sjór jafnaðarlega um vetur, en það syðsta ekki nema í mestu brimærslum á sömu tíð. Öll teljast sker þessi lítil og næstum kringlótt, liggja hér um viku sjáar undan landi og í hádegisstað frá Felli, hvörju og sker þessi tilheyra.[3]

#### 4.2.2.2. Styrmissker

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um jörðina Borgarhöfn:

> Einstakt sker lítið er hér og til, stendur á 12 faðma djúpi fram undan Borgarhöfn og tilheyrir henni, sem kallað er Styrmissker. Það er einasta sjáanlegt um fjöru, og hafa menn ýmsum sótt þangað söl um stórstraumsfjöru og í blíðu sjóveðri. Annars kvað þar vera vond landtaka vegna blindskerja. Í mæli er, að sker þetta hafi til forna landfast verið og í því fjárhellir frá Borgarhöfn, og þykjast menn enn sjá í munna hans um stórstraumsfjöru.[4]
>
> Sölvatekja er á Styrmisskeri, sem tilheyrir Borgarhöfn.[5]

#### 4.2.2.3. Skógey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Skógey:

> Í norður frá Hrísey og skammt eitt frá henni liggur Skógey, stór ey aflöng, liggur til norðurs í milli Eystri- og Vestri-Hornarfjarðarfljóta so langt sem Bjarnanessland nær. Inn af Skógey eru svökölluð Skógeyjarsker, hvar á meðal það stærsta kallast Gildrasker, uppháir strjálir graslausir melhólar. Í Skógey er þétt og lág hraun og melhólar aldeilis graslaus nema hér og hvar vex lítið eitt af melblöðku upp úr þeim. Á milli þeirra og fram með þeim er leira, sem sjór í stórflóðum og Fljótin í vatnavöxtum – eða þegar jökulhlaup kemur í þau – ganga yfir. Upp úr leirum þessum vex stör sem nú er orðin lítilfjörleg og strjál, en hafði verið stór og þétt til forna, so allir Bjarnanesslands innbyggjendur höfðu þaðan allan krafa útheyisskapar en nú fæst þar lítill heyskapur, því mörg engjatakmörk þar eru so komin í vötn og blautar leirur að ekkert strá vex upp úr þeim og gengur so af sér árlega að síðan ég kom hingað árið 1826 hefur

[3] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 128-129.
[4] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 128-129.
[5] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 139.

> heyskapur þar minnkað um meir en helfing. Skógey þessi tilheyrir Bjarnanesi, nema tangi utan af henni, sem kallast Nýgræður, tilheyrir Árnanesi.[6]
>
> Hér mætti líka máske geta þess að hér í munnmælum að Skógey hafi til forna öll verið grasi vaxin og þar ís taðið undir 20 bæir og hefur hún þá sjálfsagt náð, ef þetta er sannferðugt, inn undir Svínafell og máske út að sjó.[7]
>
> Fram í flóa þennan norðan fram liggur Árnanessnes, sem er allstór tangi; þegar lengra dregur vestur með firðinum, gengur fram að honum Skógey, sem liggur milli Austur- og Suður-Hornafjarðarfljóta. Skógey þessi er langur og graslaus skerja- og hraunklasi, sem gengur frá norðri til suðurs. Í suðurhluta eyjar þessarar eru graslendissléttur nokkrar, sem er allgott slægjuland, og undireins allgott beitarland fyrir kindur á sumrum. Syðsti tangi Skógeyjar, sem gengur lengst til suðurs við fjörðinn, er kallaður Skógeyjarhöfði; ey þessi liggur undir Bjarnanes. Austur frá Skógey gengur alllangur tangi meðfram firðinum; hið austasta af tanga þessum heitir Nýgræður, slægjuland er liggur undir Árnanes.[8]

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Bjarnaness með hjáleigum, dags. 17. apríl 1921, sem lesið var á manntalsþingi í Nesjahreppi 29. júní 1921 segir m.a.:

> Bjarnanes á Skógey alla innan frá Struntskeri um Kríusker að fyrtöldum mörkum (Ófæruhólmi í Staðarey, og veiði alla, hverju nafni, sem nefnist í Hornafirði fyrir vestan Flangey.[9]

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1937 segir m.a. um Skógey:

> Að vísu er Skógey á þeirri leið, en yfir hana er farið allra efst og oft er mikið af leiðinni yfir hana undir vatni.[10] [...] Þegar austur í Skógey kemur, blasir við fram undan byggðin um miðbik Nesjanna og er fagurt þangað að líta. Innan við vegin eru klettaholt, gróðurlaus og sandorpin. Þau heita Skógeyjarsker. Ekki er Skógey heldur blómleg af veginum að sjá, en samt eru talsverðar slægjur í Skógey, en skógur er þar enginn, þó hann hafi vafalaust verið þar áður, eins og nafnið bendir til. Munnmæli segja, að fyrr á öldum hafi verið mikil byggð í Skógey, 18 bæir segja sögurnar. Sennilega er nú hér svo liðugt krítað, að líklega hefir þar aldrei nein byggð verið. Það sem helzt gæti bent til þess eru örnefnin Kot, sem er austasta holtið, sem farið er um áður en komið er á Bjarnanessandinn, og Litlakot, sem er vestast í Skógey. – Austan við Skógey er svo aftur breiður vatnsfláki og þó ekki nærri eins breiður og sá, sem er fyrir vestan eyna.[11]
>
> Skógey er vestan við farveginn sem Austurfljót runnu að miklu leyti um áður en fyrirhleðslur komu vegna brúar yfir Hornafjarðarfljót. Hún er um 3 km á breidd mælt í austur-vestur stefnu að meðtöldum Nýgræðum og nálægt 4 km á lengd.

---

[6] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 50.
[7] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 52.
[8] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 74.
[9] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 143.
[10] Ferðafélag Íslands, Jón Eyþórsson. 1937. Árbók: Austur-Skaftafellssýsla, bls. 49.
[11] Ferðafélag Íslands, Jón Eyþórsson. 1937. Árbók: Austur-Skaftafellssýsla, bls. 49-50.

[…] Skógey er mishæðótt og skiptast þar á klapparhraun, sandflesjar og fitjar. Nyrst á henni eru Skógeyjarsker og suðvestur af þeim Vestra- og Eystra-Ferðamannahraun en um þau lá þjóðvegurinn um Fljótin ytra. Suður af því síðarnefnda eru stærstu hraunin í eynni sem heita Þorsteinsfitarhraun og Melsendahraun. Allmörg smærri hraun eru dreifð um eyjuna og fjöldi fitja, þar á meðal Stórafit, Borgarfit, Miðskersfit og Annarsgarðsfit. Vísa mörg nöfnin til bæjanna sem höfðu nytjaréttinn. Syðst á eynni vestanverðri er Skógeyjarhöfði og flæðir upp undir hann. […] Skógey var eins og fram hefur komið nytjuð fram á 20. öld. Nafnið bendir til skóglendis og í öndverðu var þar byggð sem hélst a.m.k. fram á ofanverða 14. öld; segir þjóðsagan þar hafa verið 18 bæi. Hjalti Jónsson í Hólum taldi að í Skógey hefðu sést rústir þriggja bæja snemma á 20. öld. Við gömlu alfaraleiðina í Háhólshólmum hjá kletti sem Kot kallast sáust fram yfir miðja öldina rústleifa og við Litla-Kot hjá Kíl vestan undir Flatahrauni hefur til skamms tíma einnig sést til rústa. Gömul sögn er um það, m.a. getið í sóknarlýsingu Bjarnanessóknar, að í fyrri tíð hafi Skógey aðeins verið skilin frá Mýrum af mjórri jökulkvísl. Í sýslulýsingu frá 1746 kemur fram að svartan sand drífi ár hvert yfir eyna og þar sé stargresi heldur gisið.[12] […] Árið 1982 var gengið frá samningi við landeigendur um að þeir afhentu Skógeyjarsvæðið til landgræðslu.[13]

#### 4.2.2.4. Flangey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Flangey:

> Þegar dregur inn undir Hornarfjarðarfljótin eru ennú innst í firðinum tvær eyjar, nefnilega Hrísey og Flangey; sú síðarnefnda er upphár klettur á vestri endanum en flöt að austan, lítil ummáls og graslaus. Hin fyrri aflöng frá austri til vesturs nokkuð grasi vaxin ofan og leirur eru fram með henni, hvar upp úr vex stör so þar fæst oftari nokkur heyskapur. – Þessi ey, Hrísey, liggur skammt eitt til vesturs frá Árnanesi og Flangey aftur í vestur frá þessari.[14]
>
> Loks er að geta eyja þeirra er liggja undir Árnanes. […] 6. Flangey, í vestur frá Hrísey, og á Árnanes þá ey. Það er allstór ey, grasivaxin að miklu leyti; Í henni er nokkur æðarvarp.[15]

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1993 segir m.a. um Flangey:

> Við Flangey suður af Hrísey var áður mikil lúru- og þorskveiði og var sjórinn umhverfis eyna kallaður Flangeyjargeimur.[16]

#### 4.2.2.5. Hrísey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Hrísey:

---

[12] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 1993. Árbók: Við rætur Vatnajökuls, bls. 184-185.
[13] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 1993. Árbók: Við rætur Vatnajökuls, bls. 184-185.
[14] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 49-50.
[15] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 83.
[16] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 1993: Árbók: Við rætur Vatnajökuls, bls. 187.

Þegar dregur inn undir Hornarfjarðarfljótin eru ennú innst í firðinum tvær eyjar, nefnilega Hrísey og Flangey; sú síðarnefnda er upphár klettur á vestri endanum en flöt að austan, lítil ummáls og graslaus. Hin fyrri aflöng frá austri til vesturs nokkuð grasi vaxin ofan og leirur eru fram með henni, hvar upp úr vex stör so þar fæst oftari nokkur heyskapur. – Þessi ey, Hrísey, liggur skammt eitt til vesturs frá Árnanesi og Flangey aftur í vestur frá þessari.[17]

Loks er að geta eyja þeirra er liggja undir Árnanes [...] 5. Hrísey, liggur í vestur frá Árnanessnesi, og er áll þar á milli, er nefndur er Gálgaklettsáll. Ey þessi, sem liggur hálf undir Árnanes, en hálf undir Bjarnanesskirkju, er víðlend ey, öll graxivaxin, hálend nokkuð að sunnanverðu, en láglend, eftir því sem norður dregur til fjarðarins. Hún er höfð til slægna frá Árnanesi og gefur talsvert af sér. Í henni er ekkert æðarvarp, en aftur verpir í henni stundum talsvert af kríu; hún er einnig höfð til beitar fyrir sauðfé á vetrum.[18]

### 4.2.2.6. Rauðabergsey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Rauðabergsey:

Rauðabergsey, í norður frá Akurey, flöt og grasi vaxin að stærð og lögun hérumbil sem Garðey, ad nr. 3. Þessi ey er sú skásta til eggvarps af áðurtöldum eyjum.[19]

Loks er að geta eyja þeirra er liggja undir Árnanes. [...] 1. Rauðabergsey, grasivaxin varpey syðst og yst.[20]

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1993 segir m.a. um Rauðabergsey:

Oft komu hvalir í ála suður af Rauðabergsey og þar og í fleiri eyjum var mikið varp, sem hrakaði hins vegar mjög þegar kom fram á 20. öld.[21]

### 4.2.2.7. Hvalhólmi

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Hvalhólma:

Loks er að geta eyja þeirra er liggja undir Árnanes [...] 2. Hvalhólmi, inn frá Rauðabergsey, varphólmi, grasivaxinn.[22]

### 4.2.2.8. Griðungseyjar

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Griðungseyjar:

---

[17] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 49-50.
[18] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 83.
[19] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 49.
[20] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 83.
[21] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 1993: Árbók: Við rætur Vatnajökuls, bls. 187.
[22] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 83.

Ytri-Griðungsey, hérumbil í norður frá Rauðabergsey og lítið stærri; töluvert bil er á milli þessara eyja; hún er flöt og nokkurn part grasi vaxin. Innri-Griðungsey, í norður frá hinni, viðlíka að stærð og lögun.[23]

Loks er að geta eyja þeirra er liggja undir Árnanes […] 3. Griðungsey, inn frá eða í norður frá Rauðabergsey, grasivaxin með litlu varpi í. Þar hjá er hin 4ða ey, með sama nafni, grasivaxin.[24]

#### 4.2.2.9. Árnanesshólmi

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Árnanesshólma:

Loks er að geta eyja þeirra er liggja undir Árnanes […] 7. Inn með Árnarnessnesi sjálfu, vestan megin þess, liggur grashólmi skammt frá landi, sem hafður er til slægna og beitar, og er hólmi þessi kallaður Árnanesshólmi. [25]

#### 4.2.2.10. Slitra

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Slitru:

Hér næst er að greina frá eyjum þeim og hólmum, er liggja undir Dilksnes, og eru þær sem greinir: 1. Slitra, grasivaxin varpey í Flóanum.[26]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Dilkaness, dags. 8. maí 1885, lesið á manntalsþingi að Bjarnanesi 9. maí 1885 segir m.a.:

Eyjar á Dilksnes í sínu landi. Meira partinn af Slitru.[27]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarness, sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

Eyjar og smásker sem fylgja eystra megin eru: […] partr úr Slitru.[28]

#### 4.2.2.11. Slitruskjer

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Slitruskjer:

Hér næst er að greina frá eyjum þeim og hólmum, er liggja undir Dilksnes, og eru þær sem greinir: […] 8. Slitrusker, í sama flóa.[29]

---

[23] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 49.
[24] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 83.
[25] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 83.
[26] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[27] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 7.
[28] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.
[29] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Dilkaness, dags. 8. maí 1885, lesið á manntalsþingi að Bjarnanesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar á Dilksnes í sínu landi. […] Slitruskjer.[30]

#### 4.2.2.12. Mígandanesshólmi

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Dilkaness, dags. 8. maí 1885, lesið á manntalsþingi að Bjarnanesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar á Dilksnes í sínu landi. […] Mígandaness-hólma.[31]

#### 4.2.2.13. Mígandanesshöfði

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Mígandanesshöfða:

> Hér næst er að greina frá eyjum þeim og hólmum, er liggja undir Dilksnes, og eru þær sem greinir: […] 3. Mígandanesshöfði, grasivaxinn hólmi.[32]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Dilkaness, dags. 8. maí 1885, lesið á manntalsþingi að Bjarnanesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar á Dilksnes í sínu landi. […] Mígandaness-höfða.[33]

#### 4.2.2.14. Þúfuhólmi

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Þúfuhólma:

> Hér næst er að greina frá eyjum þeim og hólmum, er liggja undir Dilksnes, og eru þær sem greinir: […] 4. Þúfuhólmi, varpey, grasivaxin.[34]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Dilkaness, dags. 8. maí 1885, lesið á manntalsþingi að Bjarnanesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar á Dilksnes í sínu landi. […] Þúfuhólma.[35]

#### 4.2.2.15. Stöðlasker

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Stöðlasker:

---

[30] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 7.
[31] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 7.
[32] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[33] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 7.
[34] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[35] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 7.

> Hér næst er að greina frá eyjum þeim og hólmum, er liggja undir Dilksnes, og eru þær sem greinir: […] 7. Stöðlasker, lítið sker innst í flóanum, og á það að vera hérumbil í mörkum milli Hafnarness og Dilksness.[36]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Dilkaness, dags. 8. maí 1885, lesið á manntalsþingi að Bjarnanesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar á Dilksnes í sínu landi. […] Stöðlaskjer.[37]

#### 4.2.2.16. Kexishöfði

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Kexishöfða:

> Hér næst er að greina frá eyjum þeim og hólmum, er liggja undir Dilksnes, og eru þær sem greinir: […] 6. Kexishöfði, lítill hólmi, er liggur milli Syðri-Ægissíðu og Mikleyjar.[38]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Dilkaness, dags. 8. maí 1885, lesið á manntalsþingi að Bjarnanesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Ítök í Hafnaness-landi: Krossey og Kjeseishöfða.[39]

#### 4.2.2.17. Krossey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Krossey:

> Sokölluð Krossey, flatur hólmi hérumbil að stærð sem Miðsker, ad nr. 1, með lítilfjörlegu grasi í norður frá Óslandinu, umflotinn hólmi nærri meginlandi.[40]
>
> Hér næst er að greina frá eyjum þeim og hólmum, er liggja undir Dilksnes, og eru þær sem greinir: […] 5. Krossey, varphólmi, grasivaxinn. Ey þessi liggur milli Hafnarnesslands og Óslands, og á hún að vera ítak frá Hafnarnesi.[41]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Dilkaness, dags. 8. maí 1885, lesið á manntalsþingi að Bjarnanesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Ítök í Hafnaness-landi: Krossey og Kjeseishöfða.[42]

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1993 segir m.a. um Krossey:

---

[36] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[37] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 7.
[38] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[39] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 7.
[40] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 49.
[41] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[42] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 7.

> Út af Heppu voru næst landi Krossey, Álögarey (Áslaugarey) og Standey, nú allar landtengdar með uppfyllingum.[43]

#### 4.2.2.18. Hrísey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Hrísey:

> Hér næst er að greina frá eyjum þeim og hólmum, er liggja undir Dilksnes, og eru þær sem greinir: [...] 2. Hrísey, varpey, mjólöng og lítil ey grasivaxin.[44]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Dilkaness, dags. 8. maí 1885, lesið á manntalsþingi að Bjarnanesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar á Dilksnes í sínu landi. [...] Hrísey.[45]

#### 4.2.2.19. Hrafnsey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Hrafnsey:

> Hrafnsey, í norður frá Griðungsey, liggur skammt frá Árnanesi, er víðlíðandi hólmi viðlíka að stærð og næstnefndar eyjar, vaxin lítilvægu grasi. Hjá henni er lítill hólmi með litlu æðarvarpi.[46]
>
> Fram af Árnanessnesi, heldur til austur, liggja tveir hólmar sem kallaðir eru Hrafnseyjar; önnur af þeim er lítill og lágur grashólmi; var í honum áður varp, en nú heitir það ekkert. Hin eyjan í suður frá hinni, er nokkuð hærri og hálendari, öll grasivaxin, en ekkert varp í henni. Hjá eyjum þessum er einnig dálítið upphátt þúfusker. Þessar eyjar liggja undir Bjarnanes.[47]
>
> Ítök prestakallsins eru: Áðurnefnt skógarítak í Þórirsdalslandi sem kallast Brennhöfðar (til forna Arinhöfði), Galtartunga, Viðartunga og Vallar; fjara frá Miðsker að Þinganessskerjum kölluð Bjarnanessfjara og þau litlu rekatakmörk sem eru innan fjarðar fyrir austan ósinn á Hornslands takmörkum austur að Miðskeri hvar ekkert hefur á rekið síðan eg kom hingað að Bjarnanesi, samt eyjarnar ½ Hrísey, Hrafnseyjar og Akurey.[48]
>
> Ítök kirkjunnar [Bjarnanesskirkja] [...] Þess er áður getið að ½ Hrísey liggur undir kirkjuna og eins Hrafnseyjar, sem og Akurey.[49]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Bjarnarness með hjáleigum segir m.a.:

---

[43] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. Árbók 1993: Við rætur Vatnajökuls, bls. 191.
[44] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[45] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 7.
[46] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 49.
[47] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 83.
[48] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 64.
[49] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 99.

Ennfremur á Bjarnanesprestkall eyjarnar Akurey og Hrafnsey í Hornafirði.[50]

#### 4.2.2.20. Þúfusker

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Þúfusker:

> Fram af Árnanessnesi, heldur til austur, liggja tveir hólmar sem kallaðir eru Hrafnseyjar; önnur af þeim er lítill og lágur grashólmi; var í honum áður varp, en nú heitir það ekkert. Hin eyjan í suður frá hinni, er nokkuð hærri og hálendari, öll grasivaxin, en ekkert varp í henni. Hjá eyjum þessum er einnig dálítið upphátt þúfusker. Þessar eyjar liggja undir Bjarnanes.[51]

#### 4.2.2.21. Akurey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Akurey:

> Ítök prestakallsins eru: Áðurnefnt skógarítak í Þórirsdalslandi sem kallast Brennhöfðar (til forna Arinhöfði), Galtartunga, Viðartunga og Vallar; fjara frá Miðsker að Þinganessskerjum kölluð Bjarnanessfjara og þau litlu rekatakmörk sem eru innan fjarðar fyrir austan ósinn á Hornslands takmörkum austur að Miðskeri hvar ekkert hefur á rekið síðan eg kom hingað að Bjarnanesi, samt eyjarnar ½ Hrísey, Hrafnseyjar og Akurey.[52]
>
> Enn fremur er talið, að Akurey, sem er eign Bjarnanesskirkju, liggi í Hornslandi. Ey þessi liggur í vestur frá Leiðarhöfða á Hafnarnesslandi. Ey þessi er hálend og fyrir það mesta lokuð klettum á allar hliðar, en grasivaxin ofan. Þar verpir lítið eitt af lunda; í henni er höfð beit fyrir fáar kindur.[53]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Bjarnarness með hjáleigum, dags. 17. apríl 1921, lesið á manntalsþingi í Nesjahreppi 29. júní 1921 segir m.a.:

> Ennfremur á Bjarnanesprestkall eyjarnar Akurey og Hrafnsey í Hornafirði.[54]

#### 4.2.2.22. Hrafnasker

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Hrafnasker:

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar […] 3. Hrafnasker, varphólmi.[55]

---

[50] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 143.
[51] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 83.
[52] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 64.
[53] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 81.
[54] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 153.
[55] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes, sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og smásker sem fylgja eystra megin eru: Hrafnasker.[56]

#### 4.2.2.23. Lynghólmi

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Lynghólma:

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar […] 2. Lynghólmi, varphólmi, grasivaxinn.[57]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes, sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og smásker sem fylgja eystra megin eru: [...] Lynghólmi.[58]

#### 4.2.2.24. Lyngeyjarhólmi

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Lyngeyjarhólma:

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar […] 11. Lyngeyjarhólmi, þar skammt frá; í honum er dálítið varp.[59]

#### 4.2.2.25. Lúrnasker

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Lúrnasker:

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar […] 1. Lúrnasker, varpey, grasivaxin.[60]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og smásker sem fylgja eystra megin eru: […] Lúrnasker.[61]

#### 4.2.2.26. Kerlingarey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Kerlingarey:

---

[56] Skaftafellssýsla, landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.

[57] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[58] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.
[59] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[60] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[61] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.

> Kerlingarey, í norðvestur frá Þýfisey, nærri meginlandi, aflöng, lítið eitt upphá, lítið lengri en öllu mjórri en Garðey, vaxin lítilfjörlegu grasi og berjalyngi.[62]

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar […] 5. Kerlingarey, í henni er dálítið varp, grasivaxin.[63]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og smásker sem fylgja eystra megin eru: […] hálf Kellingarey.[64]

#### 4.2.2.27. Tréhólmi

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes, sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og smásker sem fylgja eystra megin eru: […] Tréhólmi.[65]

#### 4.2.2.28. Krókalátursey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Krókalátursey:

> Sokölluð Krókalátursey í suðaustur frá Kerlingarey, fjær meginlandi, nokkuð lengri en ekki breiðari, flöt með lítilfjörlegu grasi og lyngi. Austast á henni er lítið upphár klettur. Framannefndra eyja lengd liggur frá austri til vesturs.[66]

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar […] 6. Krókalátursey, fyrir austan Mikley, nokkuð stór ey, dálítið varp í henni, grasivaxin. Ey þessi á að draga nafn sitt af krókum er festir voru í tré, er hafðir voru sem veiðibrella fyrir sel til að festast á, nær hann skreið yfir þá, en krókar þessir áttu að vera huldir sandi, svo selurinn tæki ekki eftir þeim.[67]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes, sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og smásker sem fylgja eystra megin eru: […] Krókalátursey.[68]

#### 4.2.2.29. Ægissíðuhólmi

[62] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 48.
[63] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[64] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.
[65] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.
[66] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 48
[67] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[68] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes, sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og smásker sem fylgja eystra megin eru: […] Ægissíðuhólmi.[69]

#### 4.2.2.30. Lyngey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Lyngey:

> Lyngey, aflöng og flöt, mest lyngi vaxin, að stærð hérumbil sem Kerlingarey, ad nr. 7, liggur í norður frá Óslandinu og nær meginlandi.[70]
>
> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar […] 10. Lyngey, dálítill varphólmi, suður frá Standey.[71]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes, sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og smásker sem fylgja eystra megin eru: […] Lyngey.[72]

#### 4.2.2.31. Standeyjarþúfa

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes, sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og smásker sem fylgja eystra megin eru: […] Standeyjarþúfa.[73]

#### 4.2.2.31. Standey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Standey:

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar […] 8. Standey, kringlóttur og hár hólmi með litlu varpi í.[74]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes, sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og smásker sem fylgja eystra megin eru: […] Standey.[75]

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1993 segir m.a. um Standey:

---

[69] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.
[70] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 49.
[71] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[72] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.
[73] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.
[74] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[75] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.

> Út af Heppu voru næst landi Krossey, Álögarey (Áslaugarey) og Standey, nú allar landtengdar með uppfyllingum.[76]
>
> Hafnarvíkin hefur verið fyllt upp fyrir löngu (1948) eins og mörg önnur svæði á Höfn sem sjór flæddi áður yfir. Þannig eru fyrrum eyjar eins og Standey og Álögarey nú hluti af hafnarsvæði og Krossey komin undir aðalathafnasvæði bæjarins með stóru frystihúsi.[77]

#### 4.2.2.32. Standeyjarhöfði

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Standeyjarhöfða:

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar [...] 9. Standeyjarhöfði, liggur milli Ægissíðanna, lítill hólmi.[78]

#### 4.2.2.33. Áslaugarey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Áslaugarey:

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar [...] 7. Áslaugarey, fyrir innan Mikley, allstór hólmi, grasivaxinn, með litlu æðarvarpi í.[79]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og smásker sem fylgja eystra megin eru: [...] Áslaugarey.[80]

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1993 segir m.a. um Áslaugarey:

> Út af Heppu voru næst landi Krossey, Álögarey (Áslaugarey) og Standey, nú allar landtengdar með uppfyllingum[81]
>
> Hafnarvíkin hefur verið fyllt upp fyrir löngu (1948) eins og mörg önnur svæði á Höfn sem sjór flæddi áður yfir. Þannig eru fyrrum eyjar eins og Standey og Álögarey nú hluti af hafnarsvæði og Krossey komin undir aðalathafnasvæði bæjarins með stóru frystihúsi.[82]

#### 4.2.2.34. Arfasker

---

[76] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 1993. Árbók: Við rætur Vatnajökuls, bls. 191.
[77] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 1993. Árbók: Við rætur Vatnajökuls, bls. 194-195.
[78] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[79] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[80] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.
[81] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 1993. Árbók: Við rætur Vatnajökuls, bls. 191.
[82] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 1993. Árbók: Við rætur Vatnajökuls, bls. 194-195.

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Arfasker:

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar [...] 12. Arfasker, ysti og syðsti hólmi sunnan megin Hafnarnesslands, varphólmi.[83]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og sker sem fylgja vestra megin: Arfasker.[84]

**4.2.2.35. Sandbakkasker (Ytra og Innra)**

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Sandbakkasker:

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar [...] 13. Sandbakkasker, varphólmi innar með landinu.[85]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og sker sem fylgja vestra megin: [...] Sandbakkasker ytra og innra.[86]

**4.2.2.36. Háey**

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Háey:

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar [...] 14. Háey, grasivaxinn hólmi.[87]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og sker sem fylgja vestra megin: [...] Háey.[88]

**4.2.2.37. Nausthólmi**

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Nausthólma:

---

[83] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[84] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.
[85] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[86] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.
[87] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[88] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar [...] 15. Nausthólmi, lítið varp í honum.[89]

#### 4.2.2.38. Vendey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Vendey:

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar [...] 16. Vendey, lítill hólmi.[90]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og sker sem fylgja vestra megin: [...] Vendey.[91]

#### 4.2.2.39. Langhólmasker (Ytra og Innra)

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og sker sem fylgja vestra megin: [...] Langhólmanessker ytra og innra.[92]

#### 4.2.2.40. Kaplhólmi

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Kaplhólma:

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar [...] 17. Kaplhólmi, í honum dálítið æðarvarp.[93]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og sker sem fylgja vestra megin: [...] Kaplhólmi.[94]

#### 4.2.2.41. Króarhólmi

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Króarhólma:

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar [...] 18. Króarhólmi, grasivaxinn.[95]

---

[89] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[90] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 83.
[91] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.
[92] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 1993. Árbók: Við rætur Vatnajökuls, bls. 194-195.
[93] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 83.
[94] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.
[95] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 83.

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hafnarnes sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnarnesi 9. maí 1885 segir m.a.:

> Eyjar og sker sem fylgja vestra megin: […] Króarhólmi.[96]

#### 4.2.2.42. Garðaey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Garðey:

> Garðey, í norðvestur frá Miðskeri, hérumbil á miðjum firði, aflöng að kalla, hérumbil 2/3 stærri en þær áðurnefndu, lág og flöt, grasi vaxin út í öll horn.[97]

Í landamerkjabréfi fyrir umboðsjörðina Horn í Nesjum, dags. 26. apríl 1898, sem lesið var á manntalsþingi að Bjarnanesi 27. apríl 1901 segir m.a.:

> Við þessa landamerkjaskrá, höfum við það að athuga, að hjer er ekki getið um Garðey, sem liggur innan Hornslandamerkja, en sem er með öllum gögnum og gæðum, ásamt lúruveiði og reka í kringum hana, eign okkar undirskrifaðra. Að öðruleyti erum við, sem ábúendur Hafnaness samþykkir merkjaskránni.[98]

#### 4.2.2.42. Garðaey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Garðey:

> Eyjar þær, er liggja undir Hafnarnes, og liggja austan megin við Hafnarnessland og í vestanverðum Skarðsfirði, eru þessar […] 4. Garðaey, allstór varphólmi, grasivaxinn; á að vera tekinn úr Hornslandi.[99]

#### 4.2.2.43. Ósland

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Ósland:

> Jörðin Horn, 30 hndr. að dýrleika, stendur vestan undir fjallinu Horni og fyrir ofan víkina milli Hafnartangans og Stokksness. […] Herlegheit jarðar þessarar eru áðurnefnd rekafjara, eyjarnar Ósland, Mikley og Lambhellir, þær til hagagöngu á vetrum fyrir kindur eins og áður er sagt, og lítilvægt skógarítak í Hvammslandi í Lóni, samt, ef telja skal, að hún er nálæg útræði til afla af sjó.[100]
>
> Eyin Ósland liggur í suðvestur frá Mikley en í vestur frá Lambhellirnum, umflotin á allar síður, hérumbil að stærð sem Mikley, lág og flöt ey, víða ofan grasi vaxin með klappartöngum hér og hvar í kring, nokkuð aflöng frá austri til vesturs. NB. Klappartangar eru ogso hér og hvar í kringum Mikley.[101]

---

[96] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 8.
[97] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 47.
[98] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 131.
[99] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[100] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 58.
[101] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 48.

Ósland, innanvert við Lambhellir, og fráskilinn honum með sundi því, er nefnt er Miðós. Ey þessi er allstór um sig, öll grasivaxin, og er hún höfð bæði til slægna og til hagagöngu fyrir sauðpening.[102]

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1993 segir m.a. um Ósland:

> Ósland var lagt undir Höfn með eignarnámi árið 1968 og í ársbyrjun 1993 var samið um kaup Hafnar á Mikley og Helli og landi við Hornafjarðarós.[103]

### 4.2.2.44. Mikley

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Mikley:

> Jörðin Horn, 30 hndr. að dýrleika, stendur vestan undir fjallinu Horni og fyrir ofan víkina milli Hafnartangans og Stokksness. […] Herlegheit jarðar þessarar eru áðurnefnd rekafjara, eyjarnar Ósland, Mikley og Lambhellir, þær til hagagöngu á vetrum fyrir kindur eins og áður er sagt, og lítilvægt skógarítak í Hvammslandi í Lóni, samt, ef telja skal, að hún er nálæg útræði til afla af sjó.[104]

> Mikley, stærri en hinar áðurtöldu, skammt eitt vestur frá Borgey, umflotin skammt frá meginlandi, næstum kringlótt, flöt að kalla, vaxin grasi og berjalyngi.[105]

> Mikley, í austur frá Óslandi, einnig allstór ey, nokkuð hálend, grasivaxin og sums staðar lyngivaxin, höfð til hagbeitar fyrir sauðfé; í henni er einnig líka dálítið slegið.[106]

### 4.2.2.45. Borgey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Borgey:

> Í Hornafirði eru talsvert margar eyjar, stærri og smærri, en í engri þeirra er bær eða byggð, og skal fyrst tilgreina eyjar þær er liggja undir Horn, og eru þær þessar […] Borgey, austur frá Mikley, minni ey, grasivaxin með dálitlu varpi í.[107]

> Borgarey, í suðaustur frá Krókalátursey og nærri henni, þó umflotin, að kalla graslaus, hérumbil að stærð sem Miðsker, ad nr. 1, þríhyrnd, nokkuð upphá. Á eystri enda hennar er upphár klettur, líkt sem nokkuð sívalur, á að giska 10 faðma hár er sést víða að og kallast Borgeyjargöltur.[108]

---

[102] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 81.
[103] Ferðafélag Íslands. Hjörleifur Guttormsson. Árbók 1993: Við rætur Vatnajökuls, bls. 191.
[104] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 58.
[105] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 48.
[106] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 81.
[107] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 81.
[108] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 48.

#### 4.2.2.46. Ferjuklettur

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Ferjuklett:

> Í Hornafirði eru talsvert margar eyjar, stærri og smærri, en í engri þeirra er bær eða byggð, og skal fyrst tilgreina eyjar þær er liggja undir Horn, og eru þær þessar […] Ferjuklettur norðan undir Óslandi, grasivaxið sker.[109]

#### 4.2.2.47. Stapaklettur

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Stapaklett:

> Í Hornafirði eru talsvert margar eyjar, stærri og smærri, en í engri þeirra er bær eða byggð, og skal fyrst tilgreina eyjar þær er liggja undir Horn, og eru þær þessar […] Stapaklettur, einnig innan við Ósland, grasivaxinn, en lítill hólmi.[110]

#### 4.2.2.48. Lambhellir

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Lambhelli:

> Jörðin Horn, 30 hndr. að dýrleika, stendur vestan undir fjallinu Horni og fyrir ofan víkina milli Hafnartangans og Stokksness. […] Herlegheit jarðar þessarar eru áðurnefnd rekafjara, eyjarnar Ósland, Mikley og Lambhellir, þær til hagagöngu á vetrum fyrir kindur eins og áður er sagt, og lítilvægt skógarítak í Hvammslandi í Lóni, samt, ef telja skal, að hún er nálæg útræði til afla af sjó.[111]
>
> Sokallaður Lambhellir, hér um að stærð sem Garðey, ad nr. 3, liggur í suður frá Mikley og lítið sund á milli. Nokkuð upphá, grasi vaxin ofan.[112]
>
> Lambhellir, og er það allstór hólmi, heldur hálendur og grasivaxinn, með litlu æðarvarpi í; hólmi þessi liggur austan og innan megin við Hornafjarðarós.[113]

#### 4.2.2.49. Miðsker

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Miðsker:

> Fyrsta og austasta eyjan í Hornafirðinum er Miðsker, upphár hólmi lítill grasi vaxinn ofan, með lágum meitilkletti næstum allt um kring, stendur fáa faðma frá fjörunni í suður frá Þinganessbænum.[114]
>
> Í Hornafirði eru talsvert margar eyjar, stærri og smærri, en í engri þeirra er bær eða byggð, og skal fyrst tilgreina eyjar þær er liggja undir Horn, og eru þær

---

109 Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 81.
110 Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 81.
111 Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 58.
112 Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 48.
113 Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 81.
114 Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 47.

þessar: 1. Miðsker, allstór varphólmi, grasivaxinn, liggur í Skarðsfirði nærfellt út við Hornsfjöru, áfast við fjöruna sjálfa innan megin liggur klettasker, sem líka er kallað Miðsker, og þegar þetta sker, sem liggur með nokkru millibili frá því fyrrnefnda Miðskeri, er gengið saman útá fjörukambinum sjávar megin, þannig að hvort ber í annað, þá er þetta mark milli Horns- og Bjarnanessfjöru.[115]

#### 4.2.2.50. Þýfisey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Þýfisey

> Þýfisey, í suðaustur frá Hríseyjum og fjær meginlandi, töluvert minni en Garðey, flöt og grasi vaxin.[116]
>
> Nú er að greina frá eyjum þeim, er liggja undir Þinganes, og eru þær þessar: [...] 12. Þýfisey, allstór varphólmi, grasivaxinn.[117]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Þinganes dags. 1. júní 1888, sem lesin var á manntalsþingi að Bjarnanesi 12. maí 1890 segir m.a.

> Eyjar þær, sem Þinganes á í Hornafirði utan sinna landamerkja eru þessar: Þýfisey, Þýfiseyjarhöfði og Þýfiseyjarhólar.[118]

#### 4.2.2.51. Þýfiseyjarhöfði

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Þýfiseyjarhöfða:

> Nú er að greina frá eyjum þeim, er liggja undir Þinganes, og eru þær þessar: [...] 13. Þýfiseyjarhöfði, í honum er líka æðarvarp.[119]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Þinganes, dags. 1. júní 1888, sem lesin var á manntalsþingi að Bjarnanesi 12. maí 1890 segir m.a.

> Eyjar þær, sem Þinganes á í Hornafirði utan sinna landamerkja eru þessar: Þýfisey, Þýfiseyjarhöfði og Þýfiseyjarhólar.[120]

#### 4.2.2.52. Þýfiseyjarhólar

Í Landamerkjabréfi fyrir jörðina Þinganes dags. 1. júní 1888, sem lesin var á manntalsþingi að Bjarnanesi 12. maí 1890 segir m.a.

---

[115] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 81.
[116] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 48.
[117] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[118] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 66.
[119] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[120] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 66.

Eyjar þær, sem Þinganes á í Hornafirði utan sinna landamerkja eru þessar: Þýfisey, Þýfiseyjarhöfði og Þýfiseyjarhólar.[121]

### 4.2.2.53 Mávaklettur og Flatarsker

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um jörðina Horn:

> Selveiði er einnig mikið minni en hún var áður; þó er nokkur selveiði á Horni með köflum saman. Þar er hann bæði veiddur í lagnótum sem lagðar eru fyrir hann; helstu nótlagnir þar eru í gjögrum á Stokksnesi; líka er selur sleginn stundum á skerjum tveim sem tilheyra Horni. Annað þessara skerja heitir Mávaklettur, fram Hvammsfjöru, en hitt skerið er Flatarsker, fram undan Stokksnesi.[122]

### 4.2.2.54. Álftasker

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Álftasker:

> Nú er að greina frá eyjum þeim, er liggja undir Þinganes, og eru þær þessar: 1. Álftasker nærfellt inn við fjarðarbotn í Skarðsfirði austan megin Þinganesslands. Í skeri þessu er æðarvarp, og grasivaxið; hjá því liggur annað sker með sama nafni.[123]

### 4.2.2.55. Mávatangi

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Mávatanga:

> Nú er að greina frá eyjum þeim, er liggja undir Þinganes, og eru þær þessar: [...] 2. Mávatangi, nokkuð sunnar með landinu, lítill hólmi með litlu varpi í.[124]

### 4.2.2.56. Skeggey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Skeggey:

> Skeggey, fáa faðma frá meginlandi austanhallt undan Þinganessbænum, að lögun og stærð sem Miðsker.[125]

> Nú er að greina frá eyjum þeim, er liggja undir Þinganes, og eru þær þessar: [...] 3. Skeggey, austur frá Þinganesi, heldur hálendur kletthólmi, grasivaxinn ofan

[121] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 66.
[122] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 95.
[123] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 81.
[124] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 81.
[125] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 47.

með litlu varpi; eyja þessi á að draga nafn sitt af Skeggja nokkrum er þar átti að vera heygður til forna.[126]

#### 4.2.2.57. Stekkanes

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Stekkanes:

> Nú er að greina frá eyjum þeim, er liggja undir Þinganes, og eru þær þessar: [...] 5. Stekkanes, grasivaxið, varphólmi.[127]

#### 4.2.2.58. Saltneshólmi

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Saltneshólma:

> Nú er að greina frá eyjum þeim, er liggja undir Þinganes, og eru þær þessar: [...] 6. Saltnesshólmi, þar skammt frá varphólmi.[128]

#### 4.2.2.59. Langanesshólmi

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Langanesshólma:

> Nú er að greina frá eyjum þeim, er liggja undir Þinganes, og eru þær þessar: [...] 7. Langanesshólmi, litlu sunnar, varphólmi, grasivaxinn.[129]

#### 4.2.2.60. Litla-Dýrey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Litlu-Dýrey:

> Dýreyjar, tvær eyjar með litlu bili á milli, í norður frá Garðey, og nær meginlandi, sú stærri töluvert minni en Garðey, sú minni mjög lítil, lágar og grasi vaxnar ofan; norðan á þeirri stærð er lítið eitt upphár klettur.[130]
>
> Nú er að greina frá eyjum þeim, er liggja undir Þinganes, og eru þær þessar: [...] 8. Litla-Dýrey, liggjandi í flóanum, varpey.[131]

#### 4.2.2.61. Stóra-Dýrey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Stóru-Dýrey:

---

[126] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 81.
[127] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[128] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[129] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[130] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 48.
[131] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.

> Dýreyjar, tvær eyjar með litlu bili á milli, í norður frá Garðey, og nær meginlandi, sú stærri töluvert minni en Garðey, sú minni mjög lítil, lágar og grasi vaxnar ofan; norðan á þeirri stærð er lítið eitt upphár klettur.[132]

> Nú er að greina frá eyjum þeim, er liggja undir Þinganes, og eru þær þessar: [...]
> 9. Stóra-Dýrey varphólmi, grasivaxinn.[133]

#### 4.2.2.62. Þembir

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Þembi:

> Nú er að greina frá eyjum þeim, er liggja undir Þinganes, og eru þær þessar: [...]
> 10. Þembir, varphólmi þar hjá.[134]

#### 4.2.2.63. Hrísey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Hrísey:

> Nú er að greina frá eyjum þeim, er liggja undir Þinganes, og eru þær þessar: [...]
> 11. Hrísey, varpsey grasivaxin.[135]

#### 4.2.2.64. Torfhólmi

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Torfhólma:

> Nú er að greina frá eyjum þeim, er liggja undir Þinganes, og eru þær þessar: [...]
> 15. Torfhólmi, varphólmi grasivaxinn.[136]

#### 4.2.2.65. Vítisgjafi

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Vítisgjafa:

> Nú er að greina frá eyjum þeim, er liggja undir Þinganes, og eru þær þessar: [...]
> 16. Vítisgjafi, klettasker; þar upp á leggst stundum selur.[137]

#### 4.2.2.66. Þinganessker

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Þinganessker:

---

[132] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 48.
[133] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[134] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[135] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[136] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.
[137] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 82.

> Enn eru tvö sker lítil, næstum landföst við fjöruna skammt fyrir austan ósinn, sem kallast Þinganesssker, því Þinganesi tilheyrir reki frá ósnum og til þessara skerja.[138]

> Þinganes, bændaeign, 11 hndr. <og> 60 ál(nir) að dýrl(eika), (að fornu 16 hndr.) liggur innan megin Skarðsfjarðar, fast við hann. Hlunnindi jarðarinnar er nokkurt æðarvarp í eyjum þeim er undir hana liggja og áður eru taldar.[139]

**4.2.2.67 Vigur**

Í sóknarlýsingu Stafafellssóknar segir m.a. um Vigur:

> Vigur liggur hálfa viku frá landi, fram af miðju Lóni, útundan Bæjarós, með bröttum klettum umhverfis frá fjögurra til sex faðma háum, vaxin ofan grasi og skarfakáli, á að geta á stæð við fimm eða sex teigi. Upp af Vigur liggur eitt sker, kallað Böðvarssker, sem sjór gengur yfir með hvörju flóði. Fram af Brunnhorni eru smásker og eyjar kölluð Hornsker; þeirra merkust og stæðst er Garðey, þó ekki grasivaxin og gæðalítil, með háum klettum umhverfis.[140]

Þá segir um Stafafell:

> Eggvarp í Vigur. [141]

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1937 segir m.a. um eyjuna Vigur:

> Út frá Vesturhorni gengur skerjaklasi, Fjarðarsker, til suðausturs, fyrir Papós. Fyrir miðri Lónsvík og skammt frá landi er eyjan Vigur, girt hömrum, en vaxin grasi að ofan. Þar nálægt er Böðvarssker, sem gæti dregið nafn af landnámsjörðinni Böðvarsholti, sem nú er horfin.[142]

Eftirfarandi jarðir eiga tiltekin réttindi í Vigri:

> *i. Stafafell*

Í sýslu- og sóknarlýsingu Skaftafellssýslu segir m.a. um jörðina Stafafell:

> Stafafell: Eggvarp í Vigur og selveiði, sem nú er mjög í rýrnun, fyrir skot og rán á vorum, af fiskiskútum frá Berufirði og Eskifirði.[143]
>
> Hlunnindi:

---

[138] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 55.
[139] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 92.
[140] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 29.
[141] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 32.
[142] Ferðafélag Íslands, Jón Eyþórsson. 1937. Árbók: Austur-Skaftafellssýsla, bls. 65-66.
[143] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 32.

Æðarvarp í Vigur áður en farið var að skjóta þar.[144]

Kirkjujarðir:

Til Stafafells liggja þessar jarðir, hálf vík 6 hndr., Krossaland 6 hndr., álfur Þórirsdalur 6 hndr., Skálafell í Suðursveit 20 hndr., þar að auki hjáleigurnar Hraunsholt 6 hndr., Byggðarholt 12 hndr. og Eskifell 6 hndr., eyjan Vigur og fjörur allmiklar.[145]

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Stafafells með hjáleigum og ítökum, dags. 10. júlí 1922 og þinglesin á manntalsþingi í Bæjarhreppi 10. júlí 1922 segir m.a.:

> Loks fylgir Stafafelli eyin Vigur með Böðvarsskeri og öllum gögnum og gæðum. Auk þess eigna gömul skjöl Stafafelli álft alla á Lóni, en önnur ítök, sem skjölin nefna, virðist óþarft að tilgreina.[146]

## 4.3. Suður-Múlasýsla

### 4.3.1. Eyjur í byggð

#### 4.3.1.1. Papey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Papey:

> Eyjar eru ei aðrar byggðar en Papey, liggjandi eina mílu undan Búlandsneslandi og rétt út af því; hún er á að giska ¾ mílu ummáls og víst 1/3 lengri en hvað hún er breið til, liggur í austur og vestur, hvar fyrir hún liggur tilsýndar þvert yfir meginlandinu. Umhverfis er aðaleyjan með háum björgum, sumstaðar næstum þvergníptum, nefnast björg þessi ýmsum nöfnum svo sem: Góðabjarg, Skálmabjarg vestan til á eynni; Hrafnabjörg eystri og syðri utan til á henni; Hellirsbjarg, sem er hið hæðsta af þeim öllum, norðan megin, og fleiri. Víða er eyjan háum hólum og sumstaðar er eyjan mjög grösug. Umkring aðaleyna liggja enn aðrar smáeyjar og höfðar svo sem Arnarey nefnd, miðja vega norðan og fram Papeyjar, með mikið háum björgum umhverfis, liggjandi eins og sjálf aðaleyin og aðgreind frá henni með mjóu djúpu sundi; þó liggur lítill hólmi í þessu sundi, kallaður Eiði. Flatey kölluð er ogsvo norðan megin Papeyjar rétt austur af Arnarey, aðgreind frá sjálfri aðaleynni með mjóu sundi. Þessi ey er mikið minni og lægri en Arnarey og þó með grasveg sem hún. Mikið hár hólmi, kallaður Höfði, er austan fram aðaleyjarinnar, aðgreindur ogsvo þar frá með litlu, djúpu sundi. Sunnan fram Arnareyjarinnar er og lítil ey, Hvanney nefnd, og enn suður af henni svonefnd Sauðey sem er lítill hólmi innan frá og vestanvert við heimaeyna. Vestur af síðastnefndri ey er svonefndur Arfaklettur. Inn í vesturenda aðaleyjarinnar gengur nokkuð lang, mjótt vik, hyldjúpt, kallað Selavogur, má þar liggja með þiljuskip. Annar vogur liggur inn í eyna austan fram, kallaður Áttahringsvogur, sem er eins djúpur. Áðurnefndur höfði er á

[144] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 34.
[145] Sögufélag, Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Skaftafellssýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 35.
[146] Skaftafellssýsla, Landamerkjabók 1884-1958, bls. 152

austursíðu hans en Flatey á norðursíðuna sem og tangi af sjálfri heimaeynni, bæði utan og innan fram. [...][147]

Bærinn Papey eða réttara sagt Bjarg í Papey stendur vestan til á eynni á hól nokkrum. Jörðin er 12 hndr. Tún er þar ei lítið og nokkrar útslægjur, þar er og góður útigangur, ei er jörðin heldur áföllum undirköstuð og hefur því ei af sér gengið svo sagt verði.[148]

Veiði: Ritsungi er og sleginn í Papey í sigi meðan hann situr í björgonum og hann er ei kominn á flug.[149]

Hlunnindi: Hlunnindi ýms auk áður sagðra eru í báðum sóknum svo sem eggvarp og dúntækja í Búlandsnes-, Berufjarðar- og Beruneseyjum samt Þvottáreyjum, Skjöldum, Brimilsnesi og Skeljarteig en þó einkum í Papey, hvar ekki einasta er mikið stórt æðarvarp og dúntækja mikil, heldur og varp fleiri fugla, einkum ritsins, sem þar er mjög mikill, samt lunda, svartfugls og fleiri fugla, undir eins og þar er lunda- en einkum fjaðratekja á ritsungonum. Rekar gefast hér og, bæði á Búlandsnesland, sem og áð Melrakkaness-, Hofs- og Starmýrarfjörur, líka stundum í Papey [...]. Sölvatekja á Þvottá, þó lítil. Meltak á Hófi, mótak einasta á Búlandsnesi og í Papey; hvannatekja lítil sem engin. [...] Skarfakál finnst og á áður umgetnum stöðum, einkum í Skjöldum. Svosel berjatekjum litunargrösin og skarfakálið er hér minnst um hirt þó allt að nokkru leyti notuð; hin hlunnindi þar á móti allvel hagnýtt. Í Papey er eggvarp og dúntækja fremur vaxandi en minnkandi, sem og í Brimilsnesi, þar á móti í hinum upptöldu eyjum fremur aftur en fram sem máske má kenna með fram iðuglegum skotun í fjörðonum hvar fuglinn heldur sig. Grasatækja fer og fremur minnkandi. Mótak í Papey er nýlega uppfundið.[150]

Papey, sem er í einkaeign, heyrir til þessum hreppi og liggur um mílufjórðung austur af Búlandanesi.[151]

Í Landamerkjabréfi fyrir Papey dags. 26. júní 1885, sem þinglýst var 2. júlí 1885 segir m.a.

Papey með úteyjum og skerjum inna þeirra takmarka, sem hjer greinist: Að vestan „Arfaklettur", að suðvestan „Yðusker"; að sunnan „Selsker"; að austan „Svartasker"; að norðan „Máfaflesjar og öll sker og eyjar innan þessara takmarka.[152]

[147] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 533.
[148] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 57.
[149] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 562.
[150] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 565.
[151] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 270-271.
[152] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 111.

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1955 er Papey lýst með eftirfarandi hætti:

> Er eina byggða eyjan við Austurland, en þó aðeins nytjuð nú að sumarlagi af eiganda. Hún er um fjórar sjómílur frá landi, suðaustur af mynni Berufjarðar. Þangað er tæplega klukkustundar ferð frá Djúpavogi, næstu höfn. Tilsýndar er eyjan frekar lág og hólótt. Hún er um 2,5 km2 að flatarmáli, dálítið sporöskjulöguð og vogskorin. Nokkrar smærri eyjar eru umhverfis hana, allar nálægar. Eitt býli er á eynni, en hafa stundum verið tvö eða jafnvel fleiri. Bærinn er sunnan til á eynni, nokkurn spöl frá sjó. Bæjarhúsin standa öll í þyrpingu. Skammt frá þeim er kirkjan og umhverfis hana grafreitur. Túnið er hólótt, og heita hólarnir Beruhóll, Svíri, Bóndi, Kirkjuás og Ásgrímshóll. Ekki er vitað, hve lengi kirkja hefur veri í eynni, en gamall og glöggur maður sagði Gísla Þorvarðssyni í Papey, að sléttað hefði verið yfir reitinn, þegar hann var útgrafinn, og jarðað í hann að nýju. Með elztu leiðum þar er leiði Snorra dýralæknis Jónssonar Þorvarðssonar og dóttursonar síra Snorra prests að Eydölum. Var Snorri fyrsti lærði dýralæknirinn á Íslandi.[153]
>
> Suðvestur frá bænum er annar aðalvogur eyjarinnar, Selavogur. Hann er nokkuð langur, en frekar þröngur. Fyrir botni hans norðan megin er gott uppsátur, en sunnan megin er skonsa, sem Gonta heitir, þægilegur lendingarstaður fyrir smábáta. Skammt utan við hana, er nef, sem Árnanef heitir, en norðan megin í vognum er klöpp, sem bátar (allt að 20 smál.) geta lagzt við.[154]
>
> Upp af Árnanefi er dálítið hæð og á henni tættur. Sunnan Selavogs er Hjallatangi. Nokkru austar eru smáhólar, sem heita Írskuhólar. Milli þeirra og Hjaltatanga eru sjávarbakkar, sem eru smám saman að brotna upp af sjávargangi. Hafa komið þar viðarkol, aska og hellublöð út úr bakkanum, rúmlega alin undir yfirborði. Hellurnar eru sams konar og í Rauðuskriðum í Hamarsfirði og vafalaust fluttar þaðan.[155]
>
> Suður af Írskuhólum er grunn og skerjótt vík, sem heitir Hádegisvík. Fyrir hálfu mynni hennar er langt sker, sem heitir Hádegissker. Austan til á því er skora, gamalt hádegismark.[156]
>
> Austan við Hádegisvík tekur við langur klettahryggur með lægð í miðju. Heitir hann Hrafnabjörg. Þau eru 44 m há, þar sem þau eru hæst. Er fuglabjarg sunnan til í þeim, og verpur þar talsvert af ritu. Í stórbrimi, sem gerði árið 1909, sáust öll Hrafnabjörgin hyljast brimi í einu heiman frá bænum að sjá.[157]
>
> Rétt suðaustan við túngirðinguna eru lágir hólar, samfastir. Sunnan í þeim eru allmörg tóttarbrot, og sést greinilega móta fyrir túngarði kringum þau. Heita

[153] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 40.
[154] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 41.
[155] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 41.
[156] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 41.
[157] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 41.

þarna Liljustaðir. Austur af þeim er allvíðlend mýri, sem nær austur að Kirkjuvík. Hún er allstór um sig, en ekki er þar lending nema í smásævi. Takmörk Kirkjuvíkur að norðan er eyja, að mestu landföst nema kringum háflæði. Heitir hún Mávabyggðir. Þar verpur dálítið af ritu og sömuleiðis í standi þar rétt norður af.[158]

Norðan við Mávabyggðir er grunn og skerjótt vík, Mávabyggðavík. Í vestur af víkinni er lágur, flatlaga hóll, sem hallar til austurs. Austan á honum eru húsarústir, kallaðar Papatættur. Snúa dyr aðalhússins móti austri, enda þótt austan, norðaustan og suðaustan séu illviðrasömustu áttir í Papey. Ekki hafa tættur þessar verið rannsakaðar, nema hvað Gísli bóndi Þorvarðsson í Papey gróf í aðalhúsið á fyrsta áratugi aldarinnar og kom niður á ösku og steinhleðslu, og mátti af því ráða breidd hússins, sem mun hafa verið um 2 m. Veggir virðast hafa verið gerðir af grjóti og torfi.[159]

Norðan Mávabyggðarvíkur er tangi, sem endar á allháu fuglabjargi, er heitir Eldriði. Munnmæli herma, að Mensaldur Raben ríki Jónsson, sem lengi bjó í Papey, hafi gengið fyrir Eldriða í myrkri og týnzt, og einnig að hann hafi áður fólgið fé sitt. Á fyrri búskaparárum Gísla Þorvarðssonar í Papey sáust alloft bál á eynni frá landi, og einu sinni kom jafnvel bátur frá Djúpavogi í hálfófæru veðri til að slökkva. Papeyingar sáu aldrei neina elda. Sumir settu elda þessa í samband við hið fólgna gull Mensaldurs Rabens.[160]

Norðvestur af Eldriða eru nokkrar smávíkur, sem skerast suður úr Höfðavík, en hún takmarkast að norðan af hárri (29 m) eyju, sem Höfði heitir (Kallhöfði á sjókorti). Má ganga í hann um lágflæði, en ekki er hægt að komast upp í hann frá landi nema um einstigi og svonefndan Stiga, sem er hlein (gangur), sem virðist liggja þvert gegnum eyna frá austri til vesturs. Vestan í móti er Höfðinn mjög brattur, en samt grasi vaxinn, með klettanibbum hér og þar. Verður að ganga brekku þessa með varúð. Í Höfðanum er mikið rituvarp, allmikið lundavarp og talsvert af fýl og svartfugli. Þaðan er útsýni vítt og fagurt.[161] Vestan við Höfðann er Sölaeiði, lítil eyja. Þar er lundavarp. Þessi eyja er landföst nema um háflæði. Nokkru vestar er allhár hóll, sem gengur í sjó fram á tvo vegu og heitir Krosshóll. Skammt vestur af honum er Krosshólstangi og gegnt honum Áttæringsvogstangi (eða Áttahrings). Milli þessara tanga er önnur aðalhöfn eyjarinnar, Áttæringsvogur. Þar er næstum alltaf góð lending eða lega, þegar slæmt er í Selavogi, og gott uppsátur fyrir smábáta.[162][163]

Þá segir einnig í Árbókinni:

Rétt norðan við mynni Áttæringsvogs er Flatey, grösug og flatlend, eins og nafnið bendir til. Suður úr henni gengur allhá berghyrna, og verpir þar talsvert

158 Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 41
159 Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 41.
160 Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 42.
161 Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 42.
162 Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 42.
163 Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 42-45.

af ritu. Í briminu 1909 gekk sjór yfir alla Flatey, og sat heljarstór jarðvegshnaus á hæsta stað hennar að briminu loknu (Þó komust þar lífs af tvær kindur.). Í Flatey hefur alltaf verið um það bil helmingur af öllu æðarvarpi í Papey. Auk þess verpir þar mikið af lunda.[164]

Papey mun hafa verið byggð frá því er sögur hófust hér á landi. Í fornritum vorum getur um byggð írskra munka (Papa) þar, og enn fremur benda fáein örnefni til byggða þeirra (Papey, Írskuhólar, Papatættur). Annars eru ekki heimildir um ábúð þar fyrr en á miðöldum, og ekki kunnugt um alla búendur fyrr en eftir miðja 17. öld. Fyrsti ábúandi, sem örugglega er kunnugt um er síra Eiríkur Höskuldsson prests að Eydölum. Sögu Papeyjar hafa þeir Halldór Stefánsson og Eiríkur Sigurðsson skrifað í Austurland III.[165] Það sem gerir sennilegt, að ábúð hafi alltaf verið í Papey, eru margs konar hlunnindi þar, sem voru meira metin fyrr meir en nú á dögum. Er þar fyrst að nefna mikla fuglatekju, sem þar er hægt að stunda, og æðarvarpið, sem stundum hefur verið mikið. Auk þess er þar nokkur selveiði og trjáreki. Þar hafa verið auðug og nærtæk fiskimið, enda þótt fiskigengd hafi minnkað þar eins og annars staðar hin síðari ár. Loks má hafa þar 150-200 fjár, sem gengur sjálfala að mestu, og undanfarin ár hafa oftast verið þar kringum 10 nautgripir. Þó að heyskapur sé miklu meiri nú en áður, hafa hlunnindin vafalaust verið miklu meiri fyrrum, einkum æðarvarp og selveiði og gnægð fiskjar, hvert sem róið var.[166]

Búið var í Papey samkvæmt öllum manntölum frá 1703-1920, utan 1870. Byggð lagðist af 1966.

Á síðunni Ísland í hnotskurn segir m.a. eftirfarandi um Papey:

Papey er stærsta eyjan fyrir Austurlandi, u.þ.b. 2 km², þvínæst beint austur af Hamarsfirði og var eina eyjan í byggð, en nú í eyði. Þar var eitt býli og kirkja frá 1902, sem er útkirkja frá Djúpavogi. Hæsti punktur eyjunnar, Hellisbjarg, liggur 58 m yfir sjávarmáli. Eyjan er mishæðótt og mýrlend og mótekja var þar mikil. Mikið fuglalíf er í björgum og æðarfugl á landi. Eyjan er gróðursæl og þar hafa fundizt a.m.k. 124 tegundir háplantna.

Stærst smáeyjanna, umhverfis aðaleyna, er Arnarey, sem var tengd henni frá Eiðinu með kláfi, en Eiðið var tengt aðaleynni með öðrum kláfi. Vitinn í Papey var reistur árið 1922. Talið er að eyjan hafi verið byggð írskum munkum, pöpum, þegar landnám norænna manna hófst á Íslandi. Sést fyrir nokkrum rústum, sem eru kallaðar Papatættur, og þar er líka Írskihóll. Engar merkar fornminjar hafa fundizt í Papey, nema nokkur brot úr litlum trékrossum, sem fundust 1927. Árið 1972 gróf Kristján Eldjárn upp bæ frá 10. öld, þar sem heitir Goðatóttir. Þar var bæði íbúðarskáli og fjós, en fátt fannst af munum. Hlunnindi voru mikil í Papey, þannig að ábúendur hafa komizt vel af, sumir urðu jafnvel ríkir. Rétt norðan við bæinn Bjarg gnæfir stór og fallegur hóll, sem

[164] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 45.
[165] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 47.
[166] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 47.

er nefndur Einbúi. Hann er sagður vera kirkja huldufólks. Það býr í svipmiklum kletti uppi af Árhöfninni, sem er vestan til á eyjunni, þar sem aðalbjörgin eru. Þessi klettur heitir Kastali. Huldufólkið þar hefur alltaf fengið að vera í friði og sátt við mannfólkið.

Uppi á Hellisbjargi, sem hæst ber á eyjunni, 58 m, stendur siglingarvitinn, sem var byggður árið 1922. Þaðan er gott útsýni til allra átta Húsum hefur verið haldið við í eyjunni og þau notuð á sumrin.[167]

### 4.3.2. Heimildir um eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofansjávar með tengsl við jörð

#### 4.3.2.1 Vigur

Í Sýslu- og sóknarlýsingum kemur eftirfarandi fram um Vigur:

> Utan fram sandrifs þess, sem að framan getið er að liggi fyrir Suður-Álftafirðinum, eru og nokkur sker skammt undan. Nefnist eitt þeirra Skarfakambar sem eru tvö há, þvergnípt sker nálægt hvört öðru, rétt undan Óseyjum. Þar rétt við er og eitt sker, Iglsker [Illsker] nefnt, og Vigur hið syðsta, nokkuð langt þar frá liggjandi, en þó næstum fast við rifið.[168]
>
> Til kirkju á Hofi liggja, auk hjáleiganna Ranvegarstaða, Hærukollsness og nýbýlanna Tunguhlíðar og Marcúsarsels, jarðirnar Þvottá með Hnaukum og Flugustaðir; til Háls auk hjáleiganna Kambshjáleigu, Stekkahjáleigu og Teigarhorns, jörðin Hamar með Hamarseli. Hvað fasteign og ítök kirkna þessara snertir þá hefur Hofskirkju jafnan eignaður verið fjörupartur milli Markskers og Melrakkaness sem liggur frá Óseyjum og austur fyrir Skipmannahólma; samt síðan Þvottáreignir lögðust til Hofs ½ Óseyjar, Skarfakambur, Vigur, Iglsker og ½ reki á Starmýrarfjörur að öllu (hvörjar fjörur liggja frá Óseyjum suður til kletts þess sem er út af Selárós hinum forna), samt ½ reki á 286 faðma fjörustykki, sem liggur frá Selárós suður til vöru þeirrar sem stendur í Þvottárnesi, og allur matreki á þessu takmarki; … ½ mánaðarbeit á Búlandsnesi því fé sem vera skal í eyjum, ef þarf (þetta allt er hér tilfært eftir Þvottárkirkju máldaga). Síðan Þvottá lagðist til Hofs tilheyra nú og Hofi Þvottáreyjar, áður talið 10 aura land er verið skal hafa 18 hólmar að tölu, enn fremur tilheyrir Hofi Brimilsnes. Hálskirkju hafa og eignuð verið Skjöldusker er nú tilheyra Hofi síðan brauðin combíneruðust. Áður greindar jarðir eru og kirknanna eign; auk þessa segja og visitatíur viðvíkjandi Hálsi; „kirkjan á Hellueyjar“ sem eg veit ekki hvar til eru.[169]

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Starmýri í Geithallahreppi, sem þinglesið var á manntalsþingi fyrir Geithellahrepp að Djúpavogi 12. júlí 1919 kemur m.a. fram eftirfarandi:

[167] https://www.islandihnotskurn.is/Page.aspx?ID=221 (sótt 30.1.2024)
[168] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 545.
[169] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 567-568.

> Ennfremur liggja eftirfylgjandi eyjar og útsker fyrir landi Starmýrar og fylgja henni: 1. Vigur , 2. Skarfakambar. 3. Ílsker. 4. Skipamannahólmi umflotinn um flæður. 5.Óseyjar, eigi umflotnar og 6. Marksker og skamt fyrir norðan Óseyjar. Hofskirkja á eftirfylgjandi ítök í Starmýrarlandareign: a. hálfan reka á Starmýrarfjöru. b. hálf afnot af Vigur og Óseyjum.[170]

Þá kemur eftirfarandi fram í Landamerkjaskrá prestssetursins Hofs í Álptafirði með hjáleigum a) Hærukolsnes b) Rannveigarstaðir c) Tunguhlíð d) Markúsarsel, dags. 2. júlí 1885, sem þinglýst var á Djúpavogarmanntalsþingi 2. júlí 1885:

> Ennfremur hefur Hofsprestur eða ábúandi Þvottár og Hnauka ½ afnot selveiðar og reka á „Vigri", „Skarfakambi", Igluskeri og Óseyjum á móts við Starmýringa.[171]

### 4.3.2.2 Skarfakambar

Í Sýslu- og sóknarlýsingum kemur eftirfarandi fram um Skarfakamb:

> Utan fram sandrifs þess, sem að framan getið er að liggi fyrir Suður-Álftafirðinum, eru og nokkur sker skammt undan. Nefnist eitt þeirra Skarfakambar sem eru tvö há, þvergnípt sker nálægt hvört öðru, rétt undan Óseyjum. Þar rétt við er og eitt sker, Iglsker [Illsker], nefnt, og Vigur hið syðsta, nokkuð langt þar frá liggjandi, en þó næstum fast við rifið.[172]
>
> Til kirkju á Hofi liggja, auk hjáleiganna Ranvegarstaða, Hærukollsness og nýbýlanna Tunguhlíðar og Marcúsarsels, jarðirnar Þvottá með Hnaukum og Flugustaðir; til Háls auk hjáleiganna Kambshjáleigu, Stekkahjáleigu og Teigarhorns, jörðin Hamar með Hamarseli. Hvað fasteign og ítök kirkna þessara snertir þá hefur Hofskirkju jafnan eignaður verið fjörupartur milli Markskers og Melrakkaness sem liggur frá Óseyjum og austur fyrir Skipmannahólma; samt síðan Þvottáreignir lögðust til Hofs ½ Óseyjar, Skarfakambur, Vigur, Iglsker og ½ reki á Starmýrarfjörur að öllu (hvörjar fjörur liggja frá Óseyjum suður til kletts þess sem er út af Selárós hinum forna), samt ½ reki á 286 faðma fjörustykki, sem liggur frá Selárós suður til vöru þeirrar sem stendur í Þvottárnesi, og allur matreki á þessu takmarki; … ½ mánaðarbeit á Búlandsnesi því fé sem vera skal í eyjum, ef þarf (þetta allt er hér tilfært eftir Þvottárkirkju máldaga). Síðan Þvottá lagðist til Hofs tilheyra nú og Hofi Þvottáreyjar, áður talið 10 aura land er verið skal hafa 18 hólmar að tölu, enn fremur tilheyrir Hofi Brimilsnes. Hálskirkju hafa og eignuð verið Skjöldusker er nú tilheyra Hofi síðan brauðin combíneruðust. Áður greindar jarðir eru og kirknanna eign; auk þessa segja og visitatíur viðvíkjandi Hálsi; „kirkjan á Hellueyjar" sem eg veit ekki hvar til eru.[173]

---

[170] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 181.
[171] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 122.
[172] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 545.
[173] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 567-568.

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Starmýri í Geithallahreppi, sem þinglesið var á manntalsþingi fyrir Geithellahrepp að Djúpavogi 12. júlí 1919 kemur svo eftirfarandi fram:

> Ennfremur liggja eftirfylgjandi eyjar og útsker fyrir landi Starmýrar og fylgja henni: 1. Vigur , 2. Skarfakambar. 3. Ílsker. 4. Skipamannahólmi umflotinn um flæður. 5.Óseyjar, eigi umflotnar og 6. Marksker og skamt fyrir norðan Óseyjar.[174]

Þá kemur eftirfarandi fram í Landamerkjaskrá prestssetursins Hofs í Álptafirði með hjáleigum a) Hærukolsnes b) Rannveigarstaðir c) Tunguhlíð d) Markúsarsel, dags. 2. júlí 1885, sem þinglýst var á Djúpavogarmanntalsþingi 2. júlí 1885:

> Ennfremur hefur Hofsprestur eða ábúandi Þvottár og Hnauka ½ afnot selveiðar og reka á „Vigri", „Skarfakambi", Igluskeri og Óseyjum á móts við Starmýringa.[175]

### 4.3.2.3 Ílsker

Í Sýslu- og sóknarlýsingum kemur eftirfarandi fram um Ílsker:

> Utan fram sandrifs þess, sem að framan getið er að liggi fyrir Suður-Álftafirðinum, eru og nokkur sker skammt undan. Nefnist eitt þeirra Skarfakambar sem eru tvö há, þvergnípt sker nálægt hvört öðru, rétt undan Óseyjum. Þar rétt við er og eitt sker, Iglsker [Illsker], nefnt, og Vigur hið syðsta, nokkuð langt þar frá liggjandi, en þó næstum fast við rifið.[176]
>
> Til kirkju á Hofi liggja, auk hjáleiganna Ranvegarstaða, Hærukollsness og nýbýlanna Tunguhlíðar og Marcúsarsels, jarðirnar Þvottá með Hnaukum og Flugustaðir; til Háls auk hjáleiganna Kambshjáleigu, Stekkahjáleigu og Teigarhorns, jörðin Hamar með Hamarseli. Hvað fasteign og ítök kirkna þessara snertir þá hefur Hofskirkju jafnan eignaður verið fjörupartur milli Markskers og Melrakkaness sem liggur frá Óseyjum og austur fyrir Skipmannahólma; samt síðan Þvottáreignir lögðust til Hofs ½ Óseyjar, Skarfakambur, Vigur, Iglsker og ½ reki á Starmýrarfjörur að öllu (hvörjar fjörur liggja frá Óseyjum suður til kletts þess sem er út af Selárós hinum forna), samt ½ reki á 286 faðma fjörustykki, sem liggur frá Selárós suður til vöru þeirrar sem stendur í Þvottárnesi, og allur matreki á þessu takmarki; … ½ mánaðarbeit á Búlandsnesi því fé sem vera skal í eyjum, ef þarf (þetta allt er hér tilfært eftir Þvottárkirkju máldaga). Síðan Þvottá lagðist til Hofs tilheyra nú og Hofi Þvottáreyjar, áður talið 10 aura land er verið skal hafa 18 hólmar að tölu, enn fremur tilheyrir Hofi Brimilsnes. Hálskirkju hafa og eignuð verið Skjöldusker er nú tilheyra Hofi síðan brauðin combíneruðust. Áður greindar jarðir eru og kirknanna eign; auk þessa segja og visitatíur viðvíkjandi Hálsi; „kirkjan á Hellueyjar" sem eg veit ekki hvar til eru.[177]

---

[174] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 181.
[175] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 122.
[176] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 545.
[177] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 567-568.

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Starmýri í Geithallahreppi, sem þinglesið var á manntalsþingi fyrir Geithellahrepp að Djúpavogi 12. júlí 1919, kemur m.a. fram:

> Ennfremur liggja eftirfylgjandi eyjar og útsker fyrir landi Starmýrar og fylgja henni: 1. Vigur , 2. Skarfakambar. 3. Ílsker. 4. Skipamannahólmi umflotinn um flæður. 5.Óseyjar, eigi umflotnar og 6. Marksker og skamt fyrir norðan Óseyjar. Hofskirkja á eftirfylgjandi ítök í Starmýrarlandareign: a. hálfan reka á Starmýrarfjöru. b. hálf afnot af Vigur og Óseyjum.[178]

Þá kemur eftirfarandi fram í Landamerkjaskrá prestssetursins Hofs í Álptafirði með hjáleigum a) Hærukolsnes b) Rannveigarstaðir c) Tunguhlíð d) Markúsarsel, dags. 2. Júlí 1885, sem þinglýst var á Djúpavogarmanntalsþingi 2. júlí 1885::

> Ennfremur hefur Hofsprestur eða ábúandi Þvottár og Hnauka ½ afnot selveiðar og reka á „Vigri", „Skarfakambi", Igluskeri og Óseyjum á móts við Starmýringa.[179]

### 4.3.2.4 Skipamannahólmi (umflotinn um flæður)

Í Sýslu- og sóknarlýsingum kemur eftirfarandi fram um Skipamannahólma:

> Hvað grunn fjarðanna, einkum Suður-Álftafjarðarins, áhrærir mun hann og mikið umbreyttur frá fyrri tíð þá bæði var útseladráp í Brimilsnesi, og ósar féllu út, svovel hjá Óseyjum sem út af Selá, gegnum áður áminnst rif eða fjörur, hvörjir ósar nú ekki eru framar né útseladráp; nefndur fjörður mun því nú mikið grynnri en á fyrri tíð því vart verður nú um hann farið með stóran bát ef hann er hlaðinn þó stórstraums háflóð sé og með háfjörum er hann víða þurr, líka er Skipmannahólmi nú á þurru hvar líklegast fyrr meir hefur verið skipsuppsátur og aðdjúpt við; það er og líklegt að Hrómundarey fyrr hafi verið umflotin og eins Óseyjar; ei þar heldur lengra að rekja heldur en til þeirrar tíðar, á hvörri elstu menn nú eru uppi, að Þvottáreyjar, einkum með tilliti til grunnsins, eru mjög svo umbreyttar orðnar þannig að nú má svo nær alstaðar þurrum fótum gagna um háfjörutímann hvar áður liggja mátti með þiljuskip og líklega sum smásker þar sandi orpin hvar áður voru nótlagnir, eins og þar er nú líka sandur uppkastaður við sjóarmál hvar áður var róðrarleið úr eyjonum til útjsóar, og ey sú hvar áður var skálastæði, nefnilega Hóley, nú næstum að berum kletti orðin og fram af því sandi kafin.[180]
>
> Hún liggur einmitt suður af Þvottáreyjum utan til en aðskilst þar frá með nokkuð breiðu sundi, kallað Melrakkanesós. Á suðursíðuna er hún ei umflotin heldur liggur einlægt sandrif frá henni suður til Þvottárlands eða fyrir öllum Suður-Álftafirði innan hvörs sjálfur Suður-Álftafjörðurinn liggur. Á rifi þessu, sem almennilega er kallað Fjörur, eru miðja vega enn tvö sker hvört hjá öðru, há en ei stór ummáls og graslaus, nefnd Óseyjar, og skammt þar frá ofan fram þrjú önnur sker, Marksker kölluð, mikið lægri. Enn er hólmi nokkur einstakur allhár

[178] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 181.
[179] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 122.
[180] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 538-539.

inn og austur af síðastnefndum skerjum á sama rifi sem þau og aðeins spölkorn frá þeim, nefndur Skipmannahólmi.[181]

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Starmýri í Geithallahreppi, sem þinglesið var á manntalsþingi fyrir Geithellahrepp að Djúpavogi 12. júlí 1919 segir m.a.:

> Ennfremur liggja eftirfylgjandi eyjar og útsker fyrir landi Starmýrar og fylgja henni: 1. Vigur , 2. Skarfakambar. 3. Ílsker. 4. Skipamannahólmi umflotinn um flæður. 5.Óseyjar, eigi umflotnar og 6. Marksker og skamt fyrir norðan Óseyjar. Hofskirkja á eftirfylgjandi ítök í Starmýrarlandareign: a. hálfan reka á Starmýrarfjöru. b. hálf afnot af Vigur og Óseyjum.[182]

#### 4.3.2.5 Óseyjar, eigi umflotnar

Í Sýslu- og sóknarlýsingum kemur eftirfarandi fram um Óseyjar:

> Hvað grunn fjarðanna, einkum Suður-Álftafjarðarins, áhrærir mun hann og mikið umbreyttur frá fyrri tíð þá bæði var útseladráp í Brimilsnesi, og ósar féllu út, svovel hjá Óseyjum sem út af Selá, gegnum áður áminnst rif eða fjörur, hvörjir ósar nú ekki eru framar né útseladráp; nefndur fjörður mun því nú mikið grynnri en á fyrri tíð því vart verður nú um hann farið með stóran bát ef hann er hlaðinn þó stórstraums háflóð sé og með háfjörum er hann víða þurr, líka er Skipmannahólmi nú á þurru hvar líklegast fyrr meir hefur verið skipsuppsátur og aðdjúpt við; það er og líklegt að Hrómundarey fyrr hafi verið umflotin og eins Óseyjar; ei þar heldur lengra að rekja heldur en til þeirrar tíðar, á hvörri elstu menn nú eru uppi, að Þvottáreyjar, einkum með tilliti til grunnsins, eru mjög svo umbreyttar orðnar þannig að nú má svo nær alstaðar þurrum fótum gagna um háfjörutímann hvar áður liggja mátti með þiljuskip og líklega sum smásker þar sandi orpin hvar áður voru nótlagnir, eins og þar er nú líka sandur uppkastaður við sjóarmál hvar áður var róðrarleið úr eyjonum til útjsóar, og ey sú hvar áður var skálastæði, nefnilega Hóley, nú næstum að berum kletti orðin og fram af því sandi kafin.[183]
>
> Hún liggur einmitt suður af Þvottáreyjum utan til en aðskilst þar frá með nokkuð breiðu sundi, kallað Melrakkanesós. Á suðursíðuna er hún ei umflotin heldur liggur einlægt sandrif frá henni suður til Þvottárlands eða fyrir öllum Suður-Álftafirði innan hvörs sjálfur Suður-Álftafjörðurinn liggur. Á rifi þessu, sem almennilega er kallað Fjörur, eru miðja vega enn tvö sker hvört hjá öðru, há en ei stór ummáls og graslaus, nefnd Óseyjar, og skammt þar frá ofan fram þrjú önnur sker, Marksker kölluð, mikið lægri. Enn er hólmi nokkur einstakur allhár inn og austur af síðastnefndum skerjum á sama rifi sem þau og aðeins spölkorn frá þeim, nefndur Skipmannahólmi. [184]

[181] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 539.
[182] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 181.
[183] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 538-539.
[184] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 539.

Utan fram sandrifs þess, sem að framan getið er að liggi fyrir Suður-Álftafirðinum, eru og nokkur sker skammt undan. Nefnist eitt þeirra Skarfakambar sem eru tvö há, þvergnípt sker nálægt hvört öðru, rétt undan Óseyjum. Þar rétt við er og eitt sker, Iglsker [Illsker], nefnt, og Vigur hið syðsta, nokkuð langt þar frá liggjandi, en þó næstum fast við rifið.[185]

Til kirkju á Hofi liggja, auk hjáleiganna Ranvegarstaða, Hærukollsness og nýbýlanna Tunguhlíðar og Marcúsarsels, jarðirnar Þvottá með Hnaukum og Flugustaðir; til Háls auk hjáleiganna Kambshjáleigu, Stekkahjáleigu og Teigarhorns, jörðin Hamar með Hamarseli. Hvað fasteign og ítök kirkna þessara snertir þá hefur Hofskirkju jafnan eignaður verið fjörupartur milli Markskers og Melrakkaness sem liggur frá Óseyjum og austur fyrir Skipmannahólma; samt síðan Þvottáreignir lögðust til Hofs ½ Óseyjar, Skarfakambur, Vigur, Iglsker og ½ reki á Starmýrarfjörur að öllu (hvörjar fjörur liggja frá Óseyjum suður til kletts þess sem er út af Selárós hinum forna), samt ½ reki á 286 faðma fjörustykki, sem liggur frá Selárós suður til vöru þeirrar sem stendur í Þvottárnesi, og allur matreki á þessu takmarki; … ½ mánaðarbeit á Búlandsnesi því fé sem vera skal í eyjum, ef þarf (þetta allt er hér tilfært eftir Þvottárkirkju máldaga). Síðan Þvottá lagðist til Hofs tilheyra nú og Hofi Þvottáreyjar, áður talið 10 aura land er verið skal hafa 18 hólmar að tölu, enn fremur tilheyrir Hofi Brimilsnes. Hálskirkju hafa og eignuð verið Skjöldusker er nú tilheyra Hofi síðan brauðin combíneruðust. Áður greindar jarðir eru og kirknanna eign; auk þessa segja og visitatíur viðvíkjandi Hálsi; „kirkjan á Hellueyjar“ sem eg veit ekki hvar til eru.[186]

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Starmýri í Geithallahreppi, sem þinglesið var á manntalsþingi fyrir Geithellahrepp að Djúpavogi 12. júlí 1919 segir m.a.:

Ennfremur liggja eftirfylgjandi eyjar og útsker fyrir landi Starmýrar og fylgja henni: 1. Vigur , 2. Skarfakambar. 3. Ílsker. 4. Skipamannahólmi umflotinn um flæður. 5.Óseyjar, eigi umflotnar og 6. Marksker og skamt fyrir norðan Óseyjar. Hofskirkja á eftirfylgjandi ítök í Starmýrarlandareign: a. hálfan reka á Starmýrarfjöru. b. hálf afnot af Vigur og Óseyjum.[187]

Þá kemur eftirfarandi fram í Landamerkjaskrá prestssetursins Hofs í Álptafirði með hjáleigum a) Hærukolsnes b) Rannveigarstaðir c) Tunguhlíð d) Markúsarsel, dags. 2. júlí 1885, sem þinglýst var á Djúpavogarmanntalsþingi 2. júlí 1885:

Ennfremur hefur Hofsprestur eða ábúandi Þvottár og Hnauka ½ afnot selveiðar og reka á „Vigri“, „Skarfakambi“, Igluskeri og Óseyjum á móts við Starmýringa.[188]

---

[185] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 545.
[186] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 567-568.
[187] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 181.
[188] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 122.

#### 4.3.2.6 Marksker

Í Sýslu- og sóknarlýsingum kemur eftirfarandi fram um Marksker:

> Hún liggur einmitt suður af Þvottáreyjum utan til en aðskilst þar frá með nokkuð breiðu sundi, kallað Melrakkanesós. Á suðursíðuna er hún ei umflotin heldur liggur einlægt sandrif frá henni suður til Þvottárlands eða fyrir öllum Suður-Álftafirði innan hvörs sjálfur Suður-Álftafjörðurinn liggur. Á rifi þessu, sem almennilega er kallað Fjörur, eru miðja vega enn tvö sker hvört hjá öðru, há en ei stór ummáls og graslaus, nefnd Óseyjar, og skammt þar frá ofan fram þrjú önnur sker, Marksker kölluð, mikið lægri. Enn er hólmi nokkur einstakur allhár inn og austur af síðastnefndum skerjum á sama rifi sem þau og aðeins spölkorn frá þeim, nefndur Skipmannahólmi. [189]
>
> Til kirkju á Hofi liggja, auk hjáleiganna Ranvegarstaða, Hærukollsness og nýbýlanna Tunguhlíðar og Marcúsarsels, jarðirnar Þvottá með Hnaukum og Flugustaðir; til Háls auk hjáleiganna Kambshjáleigu, Stekkahjáleigu og Teigarhorns, jörðin Hamar með Hamarseli. Hvað fasteign og ítök kirkna þessara snertir þá hefur Hofskirkju jafnan eignaður verið fjörupartur milli Markskers og Melrakkaness sem liggur frá Óseyjum og austur fyrir Skipmannahólma; samt síðan Þvottáreignir lögðust til Hofs ½ Óseyjar, Skarfakambur, Vigur, Iglsker og ½ reki á Starmýrarfjörur að öllu (hvörjar fjörur liggja frá Óseyjum suður til kletts þess sem er út af Selárós hinum forna), samt ½ reki á 286 faðma fjörustykki, sem liggur frá Selárós suður til vöru þeirrar sem stendur í Þvottárnesi, og allur matreki á þessu takmarki; … ½ mánaðarbeit á Búlandsnesi því fé sem vera skal í eyjum, ef þarf (þetta allt er hér tilfært eftir Þvottárkirkju máldaga). Síðan Þvottá lagðist til Hofs tilheyra nú og Hofi Þvottáreyjar, áður talið 10 aura land er verið skal hafa 18 hólmar að tölu, enn fremur tilheyrir Hofi Brimilsnes. Hálskirkju hafa og eignuð verið Skjöldusker er nú tilheyra Hofi síðan brauðin combíneruðust. Áður greindar jarðir eru og kirknanna eign; auk þessa segja og visitatíur viðvíkjandi Hálsi; „kirkjan á Hellueyjar" sem eg veit ekki hvar til eru.[190]

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Starmýri í Geithallahreppi, sem þinglesið var á manntalsþingi fyrir Geithellahrepp að Djúpavogi 12. júlí 1919 segir m.a.:

> Ennfremur liggja eftirfylgjandi eyjar og útsker fyrir landi Starmýrar og fylgja henni: 1. Vigur , 2. Skarfakambar. 3. Ílsker. 4. Skipamannahólmi umflotinn um flæður. 5.Óseyjar, eigi umflotnar og 6. Marksker og skamt fyrir norðan Óseyjar.[191]

#### 4.3.2.7. Brimilsnes

Í Sýslu- og sóknarlýsingum kemur eftirfarandi fram um Brimilsnes:

[189] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 539.
[190] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 567-568.
[191] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 181.

Í Suður-Álftafirðinum sunnan til liggur enn ey umflotin, kölluð Brimilsnes hvörs áður er minnst undir N°2. Það er á norðurvestursíðuna umflotið einasta með flóðum en með fjörum má ríða þangað á þurrum leirum sem liggja út af Hofshólmum. Nes þetta er hér um ½ mílu ummáls, víða með lágum móbjörgum umhverfis og ofan með samslags hellugrjóti; sumstaðar er þar þó nokkur graslendi. Hár hóli einstakur, Lynghólmi nefndur, stendur vestan fram þess með litlu sundi í millum er þó fjarar af. Ofan er hann grasi vaxinn. Austan fram Brimilsness stendur enn hólmi nokkur einstakur, allhár og nokkuð stór ummáls, kallast hann Skeljarteigur, umhverfis sumstaðar með móbergsklettum en litlum jarðveg að ofan; hólmi þessi tilheyrir Geithellum.[192]

Þá kemur eftirfarandi fram í Landamerkjaskrá prestssetursins Hofs í Álptafirði með hjáleigum a) Hærukolsnes b) Rannveigarstaðir c) Tunguhlíð d) Markúsarsel, dags. 2. júlí 1885, sem þinglýst var á Djúpavogarmanntalsþingi 2. júlí 1885:

Hofskirkja á Brimilsnes: Brimilsnes, Lynghólma, Þrúðu. [193]

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1955 kemur eftirfarandi fram um Brimilsnes:

Brimilsnes heitir önnur ey þarna í firðinum, og er aðeins mjótt sund milli hennar og Nesbjarga. Brimilsnes er allstór ey, og sunnan við það er Lynghólmi. Í Brimilsnesi má hafa 30-40 kindur yfir veturinn. Þar er líka æðarvarp og selveiði, þó að hvort tveggja sé nú minna en áður. Brimilsnes fylgir Hofi.[194]

#### 4.3.2.8 Lynghólmi

Í Sýslu- og sóknarlýsingum kemur eftirfarandi fram um Lynghólma:

Í Suður-Álftafirðinum sunnan til liggur enn ey umflotin, kölluð Brimilsnes hvörs áður er minnst undir N°2. Það er á norðurvestursíðuna umflotið einasta með flóðum en með fjörum má ríða þangað á þurrum leirum sem liggja út af Hofshólmum. Nes þetta er hér um ½ mílu ummáls, víða með lágum móbjörgum umhverfis og ofan með samslags hellugrjóti; sumstaðar er þar þó nokkur graslendi. Hár hóli einstakur, Lynghólmi nefndur, stendur vestan fram þess með litlu sundi í millum er þó fjarar af. Ofan er hann grasi vaxinn. Austan fram Brimilsness stendur enn hólmi nokkur einstakur, allhár og nokkuð stór ummáls, kallast hann Skeljarteigur, umhverfis sumstaðar með móbergsklettum en litlum jarðveg að ofan; hólmi þessi tilheyrir Geithellum.[195]

Þá kemur eftirfarandi fram í Landamerkjaskrá prestssetursins Hofs í Álptafirði með hjáleigum a) Hærukolsnes b) Rannveigarstaðir c) Tunguhlíð d) Markúsarsel, dags. 2. júlí 1885, sem þinglýst var á Djúpavogarmanntalsþingi 2. júlí 1885:

[192] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 536-537.
[193] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 122.
[194] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson, Árbók 1955: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 27.
[195] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 536-537.

Hofskirkja á Brimilsnes: Brimilsnes, Lynghólma, Þrúðu.[196]

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1955 kemur eftirfarandi fram um Brimilsnes:

> Brimilsnes heitir önnur ey þarna í firðinum, og er aðeins mjótt sund milli hennar og Nesbjarga. Brimilsnes er allstór ey, og sunnan við það er Lynghólmi. Í Brimilsnesi má hafa 30-40 kindur yfir veturinn. Þar er líka æðarvarp og selveiði, þó að hvort tveggja sé nú minna en áður. Brimilsnes fylgir Hofi.[197]

### 4.3.2.9. Þrúða

Í Landamerkjaskrá prestssetursins Hofs í Álptafirði með hjáleigum a) Hærukolsnes b) Rannveigarstaðir c) Tunguhlíð d) Markúsarsel, dags. 2. júlí 1885, sem þinglýst var á Djúpavogarmanntalsþingi 2. júlí 1885, kemur eftirfarandi fram:

> Hofskirkja á Brimilsnes: Brimilsnes, Lynghólma, Þrúðu. [198]

### 4.3.2.10 Skeljateigur

Í Sýslu- og Sóknarlýsingum kemur eftirfarandi fram um Skeljateig

> Austan fram Brimilsness stendur enn hólmi nokkur einstakur, allhár og nokkuð stór ummáls, kallast hann Skeljarteigur, umhverfis sumstaðar með móbergsklettum en litlum jarðveg að ofan; hólmi þessi tilheyrir Geithellum.[199]

Í landmerkjabréfi fyrir Geithellum í Hofssókn, dags. 30. júní 1883, sem þinglýst var á Djúpavogarmanntalsþingi 30. Júní 1883 segir eftirfarandi:

> Geithellrar eiga allt land í Geithellradal austan Geithellraár, utan frá sjó og inná Öræfi þangað sem vötnum hallar til austurs og er Geithallraáin takmarkalína að sunnan frá uppsprettu þeirri, er hún rennur úr; út á svo kallaðan Gribbalda yzt og austast á Múlahrygg, þar eru hlaðnar 2 vörður og hin þriðja yzt út við leirur austan við Múlahólma, þegar þessar 3 vörður standast á eptir beinni sjónhending af sjó á Gribbalda þá er hin rjetta landamerkjalína milli Múlalands og Geithellna sjeð, hvernig sem áin fellur eptir hólmanum. – Milli Melrakkaness og Geithellra en þessi landamerki að norðan fjallseggjar innan af skerjum og útá Melrakkanessfjall og að austan: Stekkáin beina sjónhending frá því hún fellur fram af efsta klettabelti í fjallinu sem sjest að neðan og í ós áarinnar við sjóinn, þe[gar] þessi lína er dregin beint af sjó liggur hún rjett utanvið austasta [ho]rn Stekkhólmanna og í áarósinn og svo vörður er hlaðnar eru […] utan við Stekkána í beinni línu þarsem hún fellur ofan af [fj]allsbrún. – Geithellrar eiga selveiði alla fyrir sínu landi og reka […] bæi að landi, selveiði í firðinum, lúru og silungsveiði eins […] […]hólma svokallaðan Skeljateigur. – Þess ber að geta, að […] frá Geithellnalandi og innan þessarra takmarka liggur s[vokall]aðr fátækrapartur

[196] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 122.
[197] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson, Árbók 1955: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 27.
[198] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 122.
[199] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 536-537

> Geithellnahrepps eign. Nú er þessum par[ti] úr skipt og hefur hann sín landamörk fyrir sig, svo hvort [...] eykst eða eyðist er það hreppsins tap eða ávinningur [...] er þessum parti er skipt er sjerstakt kot, svo kallað Kamb[...] á nú allt land milli Kambfellsgils og Þrándaráar, allmik[ið] [...] og gott, töluvert skógi vaxið, auk þess á það eptir jarða[...] og jarðardýrleika tilkall til afrjettarlands Geithelladals [...] frá Þrándará og allt á sker upp eptir þeim takmörkum [...] [s]em greind.[200]

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1955 kemur eftirfarandi fram um Skeljateig:

> Skeljateigur er lítil ey austan við Brimilsnes og telst til Geithella.[201]

#### 4.3.2.11 Nesbjörg

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1955 segir eftirfarandi um Nesbjörg

> Beint fram af nesinu eru Nesbjörg. Það er ey, allhá úr sjó, en gróðursæl, og er þar beitiland gott. Á fjöru má ganga þurrum fótum út í eyna [...].Nesbjörg fylgir Hærukollsnesi.[202]

#### 4.3.2.12 Skjöldur

Í Sýslu- og Sóknarlýsingum segir eftirfarandi um Skjöld:

> Í úrsuður undan Þvottáreyjum utan fjarðar, hér um ¼ mílu frá, liggja enn þrjú sker, há nokkuð en ei ummálsmikil, kölluð Skjöldur, tilheyrandi fyrrum Hálsi en nú Hofi. [203]

Þá kemur eftirfarandi fram í Landamerkjaskrá prestssetursins Hofs í Álptafirði með hjáleigum a) Hærukolsnes b) Rannveigarstaðir c) Tunguhlíð d) Markúsarsel, dags. 2. júlí 1885, sem þinglýst var á Djúpavogarmanntalsþingi 2. júlí 1885:

> Hálskirkja í Hamarsfirði á Skjöld eða Skjöldusker.[204]

#### 4.3.2.13. Óseyjar

Í landamerkjabréfi Stefánskirkju, dags. 29. apríl 1884, sem þinglýst var á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884 segir eftirfarandi:

> Kirkjan á allar Breiðdalseyjar hinar ytri og innri ásamt svonefndum Óseyjum.[205]

#### 4.3.2.14. Hrómundsey

---

[200] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 1.
[201] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson, Árbók 1955: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 27
[202] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson, Árbók 1955: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 27
[203] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 539
[204] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 122
[205] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 63

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Melrakkanes, sem þinglýst var á Djúpavogarmanntalsþingi 30. júní 1883 kemur eftirfarandi fram um Hrómundsey:

> Einnig á jörðin nokkurn vog út frá landi rekafjöru áfasta við Hofsfjöru; úti á þessum sandi er ekki hægt að setja mark fyrir sjóargangi og eru því mið á landi, sem er: Votaberg á Ósnestanga á að bera á Kambárfoss, þá eru rjett fjörumörk milli Melrakkaness og Hofs að sunnan; þaðan að sunnan á Melrakkanes alla rekafjöru austur að Melrakkanesós, einnig þar grashólma við ósinn, svokallaða Hrómundsey og fyrir austan ósinn Sandrif allt austur að austan Hvalskeri, af skerinu og beint út yfir rifið í sjó, þar eru rétt fjörumörk að austan milli Melrakkaness og Hofs.[206]

Í Árbók Ferðafélags Íslands, 1955 kemur eftirfarandi fram um Hrómundsey:

> Stærsti hóllinn á Hrómundarey heitir Stórey. Á henni er dys eða vörðubrot, Hrómundardys. Gróður á eyjunum er mest melstöng, þó er nokkur rækt í tveim hólmum undan fugli, og verpur þar mávur. Æðarvarp er ekkert vegna sandfoks og rána.[207]

#### 4.3.2.15 Kambur

Í Sýslu- og sóknarlýsingu kemur eftirfarandi fram um Kamb:

> Utan undir Hrómundarey liggur einstakt hátt sker gróið skarfakáli að ofan, nefnt Kambur, það liggur altsvo milli Skjalda og Hrómundareyjar en þó miklu nær henni. Svovel nefnd ey sem Kambur tilheyrir Geithellum.[208]

#### 4.3.2.16. Þvottáreyjar

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir eftirfarandi um Þvottáreyjar:

> Vestur af þessum eyjum, hér um bil ¼ mílu frá, í mynni Hamarsfjarðarins, liggja svonefndar Þvottáreyjar, tilheyrandi Hofi; þær eru með smáhólmum íreiknuðum að tölu 12 er svo nefnast: 1. Iskilsey (asr: nú Eskilsey) sem liggur innst þverlínis fyrir firðinum, nokkuð stór ummáls, hér og hvar með klettum umhverfis en ofan víða grasi vaxin; 2. Sauðey þar utan undir, nokkuð minni og lægri, en að öðru leyti hinni áþekk. 2. Seley (asr: Nú Selaklappir) út og suður af síðastnefndri ey með litlu millibili. Nefnd Seley er nokkuð hár og langur hraunklasi út við sjóarmál, alstaðar graslaus. 4. Hóley mjög lítil, hin austasta eyjanna. 5. Stapey liggjandi milli Sauðeyjar og Hóleyjar, nokkuð stór ummáls með mörgum og stórum melþúfum hvar ekki einasta vex nokkuð af melblöðku og melstöng heldur og hvar sandmelur fæst til léna úr sandbökkum nefndra

[206] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls.4
[207] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson, Árbók 1955: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 34-35
[208] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 539

þúfna. 6. Kálkar, sem er klettabelti langs með sjóarmáli án grasvegs. 7. Nótarhöfði, einstakur hár, lítill klettur með grasvef ofan. 8. Taska ogsvo lítill, hár höfði, einstakur sér, 9. Moldarhöfði hinum áþekkur. 10. Ámundi, hár klettur, einstakur, graslaus, miðja vega meðal eyjanna. 11. Sauðeyjarhólmar tveir, liggjandi við Sauðey, með grasveg ofan. 12. Hvalsker sem eru ber sker sunnan fram Iskilseyjar. Í milli allra þessara eyja og hólma liggja nú sandar hvar ganga má með þurrum fótum um fjörutíma, þó liggur enn áll einn, nefndur Bussabót, inn í eyjarnar miðja vega sem sker sig út í þær frá Hamarsfirðinum og má því á bát komast með flóðum inn í eyjarnar. Auk áðurnefndra eyja eru og tvö sker laust frá eyjonum innan fram, kölluð Hleinar, og utan fram Þvottáreyja, skammt frá, liggja þrjú stór sker þvert fyrir, aðgreind hvört frá öðru með mjóum sundum; sker þessi nefnast Sundasker. Austan fram þeirra er loks eitt sker hátt, laust frá landi, Bergsker kallað.[209]

Hlunnindi ýmis auk áður sagðra eru í báðum sóknum svo sem eggvarp og dúntækja í Búlandsnes-, Berufjarðar- og Beruneseyjum samt Þvottáreyjum, Skjöldum, Brimilsnesi og Skeljarteig en þó einkum í Papey, hvar ekki einasta er mikið stórt æðarvarp og dúntækja mikil, heldur og varp fleiri fugla, einkum ritsins, sem þar er mjög mikill, samt lunda, svartfugls og fleiri fugla, undir eins og þar er lunda- en einkum fjaðratekja á ritsungonum. Rekar gefast hér og, bæði á Búlandsnesland, sem og áð Melrakkaness-, Hofs- og Starmýrarfjörur, líka stundum í Papey .. Sölvatekja á Þvottá, þó lítil. Meltak á Hófi, mótak einasta á Búlandsnesi og í Papey; hvannatekja lítil sem engin… Skarfakál finnst og á áður umgetnum stöðum, einkum í Skjöldum. Svosel berjatekjum litunargrösin og skarfakálið er hér minnst um hirt þó allt að nokkru leyti notuð; hin hlunnindi þar á móti allvel hagnýtt. Í Papey er eggvarp og dúntækja fremur vaxandi en minnkandi, sem og í Brimilsnesi, þar á móti í hinum upptöldu eyjum fremur aftur en fram sem máske má kenna með fram iðuglegum skotun í fjörðonum hvar fuglinn heldur sig. Grasatækja fer og fremur minnkandi. Mótak í Papey er nýlega uppfundið.[210]

Í úrsuður undan Þvottáreyjum utan fjarðar, hér um ¼ mílu frá, liggja enn þrjú sker, há nokkuð en ei ummálsmikil, kölluð Skjöldur, tilheyrandi fyrrum Hálsi en nú Hofi. Öll eru sker þessi graslaus, einasta vex skarfakál á því austasta. Þau aðgreinast hvört frá öðru með mjóum sundum.[211]

Í landamerkjaskrá prestssetursins Hofs í Álptafirði með hjáleigum a) Hærukolsnes b) Rannveigarstaðir c) Tunguhlíð d) Markúsarsel, dags. 2. júlí 1885, sem þinglýst var á Djúpavogarmanntalsþingi 2. júlí 1885 kemur eftirfarandi fram:

[209] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 535-536.
[210] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 565.
[211] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 539.

Hofskirkja á […]: ennfremur Þvottáreyjar: Eskildsey með 3 hólmum, Sauðey, Sauðeyjarhólma, Seley, Seleyjarklappir, Sundasker, Hóley, Töglin, Nótarhöfði, Moldarhöfði og Hleinar.[212]

### 4.3.2.17. Búlandsneseyjar

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Búlandsneseyjar:

> Þétt við Búlandsnesland, gagnvart Papey, liggja enn aðrar eyjar óbyggðar sem ekki einasta tilheyra þessum sóknum heldur ogsvo Berufjarðar- og Berunessóknum; kallast þær sem tilheyra Hálssókn Búlandsneseyjar; þær sem tilheyra Berufirði Berufjarðareyjar, og Sandey sú eina er tilheyrir Berunesi.[213]
>
> Þær sem tilheyra Hálssókn eða réttara Búlandsnesi eru að tölu 11u stærri og smærri eyjar sem svo nefnast: 1. Ysti-Kálkur er liggur utast eyjanna þvert fyrir, með lágum klettum umhverfis en jarðveg að ofan. 2. Hvaley þar skammt upp af, ogsvo með klettum umkring og graslendi góðu; 3. Úlfsey. 4. Grunnasundssey, báðar þessar eyjar eru Hvaley áþekkar og allar nokkuð stórar. 5. Þorleifshólmi, 6. Kríhólmi, 7. Ormarshólmi, 8. Þúfuhólmi, 9. Æðarsker, 10. Úlfseyjarhólmi, 11. Þrætusker. Allir þessir hólmar eru bæði mikið minni og lægri heldur en þær töldu eyjar. Auk þessa tilheyra og Búlandsnesi í sömu eyjum svo nefndir Hörgraneshólmar fjórir að tölu, sem eru þessa minnstir, og Selabryggjuhólmar tveir. Jarðvegur er á öllum þessum hólmum meiri eða minni. Berufjarðareyjar eru yfir höfuð að tölu 13 og nefnast þannig: 1. Hrísey, 2. Austur-Örkney, 3. Suður-Örkney, 4. Hafnarey, 5. Kiðhólmi, 6. Flathólmi, 7. Langhólmi, 8. Lynghólmi, 9. Melhólmi, 10. Þeisthólmi, 11. Eystri-Hafnareyjarhólmi, 12. Syðri-Hafnareyjarhólmi, 13. Egilshöfði. Allar þessar eyjar og hólmar, sem í sjálfu sér er hvört um sig smáeyjar og hólmar, er meira eða minna grasi vaxið, einkum þær nefndu eyjar; meðal þessara eyja er og Þrætusker kallað, sem og Steinflesjar.[214]

Í landamerkjaskrá millum Búlandanes og Hálsakirkjulands og Teigarhorns, sem þinglýst var á Djúpavogarmanntalsþingi 23. júní 1884 segir m.a.:

> Búlandsnes á allt Búland útá yztu tanga beggjamegin, og svokallaðar Búlandsneseyjar: Grunnasundsey, Úlfsey, Hvaley, Úlfseyjar, Hólma, Tögl og Kjálk, Ormarshólma, Æðarsker, Hvaleyjarsker, Þúfuhólma, Falka þríshólma, Þottárshólma,Ulfseyjarstapa. – Búlandsnes á selveiði kringum öll nefnd sker og reka svo langt sem landhelgi nær að rjettum lögum og varp í eyjum.[215]

### 4.3.2.18. Sandey

212 Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 122.
213 Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 534-535.
214 Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 534-535.
215 Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 21.

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Berunes:

> Sandey, sem tilheyrir Berunesi á Berufjarðarströnd, er nokkuð stór og há ey ummáls, með klettum sumstaðar umhverfis en góðu graslendi að ofan. Allar þessar hér upptöldu eyjar og hólmar, sem tilheyra áðurgreindum stöðum, eru í einum klasa hvað innan um annað og hvört hjá öðru, svo lítið millibil er á milli hvörrar eyjar og hvörs hólma; þess vegna er ei gott að greina, svo skiljanlegt verði, í hvaða átt hvör ein ey og hólmi liggur hvört frá öðru. Víst má geta til, að þessi eyjaklasi til samans tekinn sé ¾ mílu umhverfis.[216]

#### 4.3.2.19. Berufjarðareyjar

Í Sýslu- og Sóknarlýsingum segir m.a. um Berufjarðareyjar

> Berufjarðareyjar eru yfir höfuð að tölu 13 og nefnast þannig: 1. Hrísey, 2. Austur-Örkney, 3. Suður-Örkney, 4. Hafnarey, 5. Kiðhólmi, 6. Flathólmi, 7. Langhólmi, 8. Lynghólmi, 9. Melhólmi, 10. Þeisthólmi, 11. Eystri-Hafnareyjarhólmi, 12. Syðri-Hafnareyjarhólmi, 13. Egilshöfði. Allar þessar eyjar og hólmar, sem í sjálfu sér er hvört um sig smáeyjar og hólmar, er meira eða minna grasi vaxið, einkum þær nefndu eyjar; meðal þessara eyja er og Þrætusker kallað, sem og Steinflesjar. [217]

Í landamerkjabréfi fyrir prestsetrið Berufjörð eða Berufjarðarkirkju, sem þinglýst var á Djúpavogarmanntalsþingi 16. júní 1886 segir m.a.:

> Undir prestssetrið Berufjörð eða Berufjarðarkirkju liggja samkvæmt máldögum og Biskupavisitatíum nokkrar eyjar, hólmar og sker sum liggja fyrir Búlandsneshverflandi og sumar eyjarnar orðnar áfastar við fast og eru þær þessar alls: Kíðhólmi, Hrísey, Langhólmi, 2 prestar, 2 orkneyjar, Flathólmi, Linghólmi; Lúsalagnarhólmi, Hafnarey, Hafnareyjarhólmi, Teisthólmi, Kríuhólmi, Melhólmi, Egilshöfði, Steinflesjar, Æðarsteinn og Þrætusker. – Ennfremur á Berufjarðarkirkja móferstu í Kjelduskógarlandi og naustagjörð og skipssátur á Þufueyri í Kjelduskógarlandi.[218]

*i. Hrísey*

> Nesið, sem Djúpivogur stendur norðaustan á, er sundurskorið af kömbum og klettum, er liggja norðaustur og suðvestur. Milli þessara kamba er graslendi, en víkur, vogar, eyjar og sker við strendurnar. Sunnan við Borgargarðsland verður sund út úr Hamarsfirði, norðan við Þvottáreyjar. Það heitir Holusund (Djúpasund á korti). Fyrir utan þetta sund eru vogarnir sunnan á nesinu mjög sandorpnir, en eyjar og sker standa upp úr sandinum. Þar heita í sandinum Hrísey (áður byggð), Prestur, Örmundsey, Grunnsinsey og Orkneyjar.[219]

---

[216] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 535.
[217] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 534-535.
[218] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 138.
[219] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 50.

*ii. Örkney*

> Suður-Lón og verslunin við Papós: Í Papósi er sker sem heitir Kráka og litlu utar Bóla; enn utar eru Fjarðarsker fimm að tölu, þeirra stærst Örkney, og veiddist í þeim selur.[220]

#### 4.3.2.20. Breiðdalseyjar

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Breiðdalsfjörður er stuttur mjög og má framar bugt en fjörður heita. [...] Í firðinum sunnanverðum og undan Ósslandi liggja 11 smáeyjar, er þar æðarvarp nokkuð og selveiði; eyjar þessar liggja undir Eydali en er bágt að passa þær vegna vegalengdar. Ein af eyjum þessum heitir Hafnarey og er þar höfn góð fyrir báta og útræði en skjaldan staðnæmist fiskafli í Breiðdalsfirði. Boðar eru þar margir með báðum löndum en þó hreint inn á miðjan fjörðinn og skipalega góð nær komið er inn fyrir Eyjar. Úr Kambanesi liggur röst beint í suður og er hún full með boða og blindsker svo ei er skipum óhætt fyrri en komið er suður fyrir svo kallaða Lárunga; eru það sker sem oftast brýtur á.[221]

> Engin eru hér nes, höfðar né múlar, en eyjar eru nokkrar skammt út frá landi, heita þær Breiðdalseyjar en engir búa þar nema æðarfuglar, lundar, teistur og mávar nokkurn part úr sumrinu, frá 4ðu viku til 12tu í sumri. Þær sem næstar liggja meginlandi eru Gunnhildarey, Óseyjarkálfi, Gunnhildareyjarhali, Spaðhólmi; eru þessar kallaðar Inneyjar, svo er nokkuð breitt sjáarsund, uns þær svonefndu Úteyjar taka við, eru þær: Kápa, Hafnarey, Grasleysur eystri og syðri; svo Andey, svo Hrútey, svo Háhólmi, svo Hlaða yst, nakin klettey eins og Grasleysurnar, og verpa aðeins í henni og þeim mávar. Flestar af eyjum þessum eru aflangar og liggja frá austri til vesturs; eru þær flestar hærri að austan en vestanverðu, líkt og öllum klettabeltum í fjallgarðinum hallar alltaf inn og niður til landvesturs uns þeir enda við lágsléttu. Þær stærstu af þessum eyjum eru Gunnhildarey og Hafnarey; sú fyrri er svo nær sem kringlótt að lögun og að flata[r]máli víst 18.000 ferhyrningsfaðmar; Hafnareyin er nokkuð minni og hinar ekki nema hólmar meiri og minni ummáls.[222]

Í landamerkjabréfi Stefánskirkju, sem þinglýst var á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884 segir eftirfarandi:

> Kirkjan á allar Breiðdalseyjar hinar ytri og innri ásamt svonefndum Óseyjum.[223]

Í Árbók Ferðafélag Íslands, 1955 segir m.a. um Eydali, Eydalakirkju og Breiðdalseyjar:

[220] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 1993. Árbók: Við rætur Vatnajökuls, bls. 201.
[221] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 476.
[222] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 482-483.
[223] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 63.

Meðfram strandlengjunni frá Streitishvarfi og inn að Stuttadal vestan Goðaborgar liggja Breiðdalseyjar, milli tíu og tuttugu eyjar og sker, er takmarka siglingaleið á Breiðdalsvík. Er þar bæði selalátur og æðarvarp, er frá fornu hefur fylgt Eydalakirkju og gert hana að einhverju eftirsóknarverðasta brauði landsins. Af varpeyjunum er Háhólmi, Andey, Hafnarey og Kápa yzt í þyrpingu, nokkru innar er Hrútey og Spaðhólmi, en innst Gunnhildarey, Kálfur og Óseyjar. Hafnarey er stærst. Þar hefur ávallt staðið verskáli, en vogar svo skjólgóðir, að ekki þarf báta að setja. Innan við Krossá er Langatangabót og Langitangi got bátalægi, en Óseyjar skýla þar að utan.[224]

Á þessari leið er farið fram hjá og fyrir ofan nýbýlið Lágafell og hinn gamla bæ Eyjar, er standa sinn hvorum megin við Grunnadalsá. Draga Eyjar eflaust nafn af landeyjum Breiðadalsár og sléttum bökkum árinnar, en stærst landeyjanna er Lambey rétt austan við ána yfir frá Eyjum.[225]

Eydalir (eða Heydalir) heitir prestsetrið í Breiðdal. Er það stærsta jörð í Breiðdal og afurðamest, þótt ekki sé talin hlunnindi af Breiðdalseyjum, sem minnzt var á hér að framan í sambandi við Ós.[226]

*i. Hafnarey*

Breiðdalsfjörður er stuttur mjög og má framar bugt en fjörður heita. […] Í firðinum sunnanverðum og undan Ósslandi liggja 11 smáeyjar, er þar æðarvarp nokkuð og selveiði; eyjar þessar liggja undir Eydali en er bágt að passa þær vegna vegalengdar. Ein af eyjum þessum heitir Hafnarey og er þar höfn góð fyrir báta og útræði en skjaldan staðnæmist fiskafli í Breiðdalsfirði. Boðar eru þar margir með báðum löndum en þó hreint inn á miðjan fjörðinn og skipalega góð nær komið er inn fyrir Eyjar. Úr Kambanesi liggur röst beint í suður og er hún full með boða og blindsker svo ei er skipum óhætt fyrri en komið er suður fyrir svo kallaða Lárunga; eru það sker sem oftast brýtur á.[227]

#### 4.3.2.21 Axarsker

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Þverhamars, sem þinglýst var á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884, segir m.a. um Axarsker:

Landamerki sem skilja Þverhamarsland frá Orsstaða og Eydalalandi er „Brunnlækur", sem fellur frá tindum niður eptir endilöngu „Brunnlæksgili" niður í „Kattmúsará", og með henni í „Breiðdalsleirur", og eptir þeim í „Breiðdalsós" útí sjó, fyrir sunnan „Meleyri", milli þessara áðurtaldra landamerkja er land allt af tindum ofan niður í sjó, með fyrirliggjandi skerjum n.f.l.: „Axarskeri", „Stampi" og „Selvogum" og selveiði, reka og öllum landsnytjum, óátalin Þverhamars eign, að frá skyldum reka sem með landsyfirrjettardómi var dæmdur Eydalakirkju á „Meleyri" og sem eptir samningi 1852 15. 5. dag Novembr, milli Sra. Benediktson Þórðararinssonar prests til Eydala á aðra síðu, og eigendur Þverhamars á hina síðu bændanna Jóns Þórarinssonar og Höskuldar Bjarnasona og B.Þ. Nikulássonar skildu ná sunnan frá Eyrar oddanum og allt upp þangað til

224 Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 70
225 Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 71.
226 Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 81.
227 Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 476.

„Stapataglið“ með hálfri fjöru ber rjett við „Færivallaskriðu“ enda yfir „Selnesið“.[228]

#### 4.3.2.22 Stampi

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Þverhamars, sem þinglýst var á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884, segir m.a. um Stampa:

> Landamerki sem skilja Þverhamarsland frá Orsstaða og Eydalalandi er „Brunnlækur“, sem fellur frá tindum niður eptir endilöngu „Brunnlæksgili“ niður í „Kattmúsará“, og með henni í „Breiðdalsleirur“, og eptir þeim í „Breiðdalsós“ útí sjó, fyrir sunnan „Meleyri“, milli þessara áðurtaldra landamerkja er land allt af tindum ofan niður í sjó, með fyrirliggjandi skerjum n.f.l.: „Axarskeri“, „Stampi“ og „Selvogum“ og selveiði, reka og öllum landsnytjum, óátalin Þverhamars eign, að frá skyldum reka sem með landsyfirrjettardómi var dæmdur Eydalakirkju á „Meleyri“ og sem eptir samningi 1852 15. 5. dag Novembr, milli Sra. Benediktson Þórðararinssonar prests til Eydala á aðra síðu, og eigendur Þverhamars á hina síðu bændanna Jóns Þórarinssonar og Höskuldar Bjarnasona og B.Þ. Nikulássonar skildu ná sunnan frá Eyrar oddanum og allt upp þangað til „Stapataglið“ með hálfri fjöru ber rjett við „Færivallaskriðu“ enda yfir „Selnesið“.[229]

#### 4.3.2.23 Selvogur

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Þverhamars, sem þinglýst var á Eydalamanntalsþingi 27. júní 1884, segir m.a. um Selvog:

> Landamerki sem skilja Þverhamarsland frá Orsstaða og Eydalalandi er „Brunnlækur“, sem fellur frá tindum niður eptir endilöngu „Brunnlæksgili“ niður í „Kattmúsará“, og með henni í „Breiðdalsleirur“, og eptir þeim í „Breiðdalsós“ útí sjó, fyrir sunnan „Meleyri“, milli þessara áðurtaldra landamerkja er land allt af tindum ofan niður í sjó, með fyrirliggjandi skerjum n.f.l.: „Axarskeri“, „Stampi“ og „Selvogum“ og selveiði, reka og öllum landsnytjum, óátalin Þverhamars eign, að frá skyldum reka sem með landsyfirrjettardómi var dæmdur Eydalakirkju á „Meleyri“ og sem eptir samningi 1852 15. 5. dag Novembr, milli Sra. Benediktson Þórðararinssonar prests til Eydala á aðra síðu, og eigendur Þverhamars á hina síðu bændanna Jóns Þórarinssonar og Höskuldar Bjarnasona og B.Þ. Nikulássonar skildu ná sunnan frá Eyrar oddanum og allt upp þangað til „Stapataglið“ með hálfri fjöru ber rjett við „Færivallaskriðu“ enda yfir „Selnesið“.[230]

#### 4.3.2.24. Æðarsker og Andey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Andey:

[228] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 23.
[229] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 23.
[230] Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1998, bls. 23.

Hér um bil 2/3 mílu fyrir utan Kolfreyjustað liggur eyjan Andey að ágetskun svo sem 400 faðma löng til norðurs og suðurs en mjög mjó út á hinn veginn og nokkru fyrir innan hana svonefnt Æðarsker en út til hafs frá henni Skrúðey. Í Andey og nefndu skeri er æðarvarp; en selveiði sem áður var virðist lögst þar frá; en við Skrúð er heldur agnsamt og heyrir hún til Vattarnessmönnum.[231]

Andey litlu utar í norðaustanverðu mynni fjarðarins, beint suður frá Hafnarnesi eystra, ¼ mílu að lengd í suður og norður og ½ mílu á breidd, þvergnípt og klöppótt að utan en að innanverðu víðast mýrlend og flöt. Inn í hana skerst að norðanverðu Andeyjarvogur frá 2ur til 3ju teigshæða á lengd en sextugur að breidd. Í botni hans innanverðum en bátsuppsátur allaklegt og lending að eyjunni mjög hættuleg hvarvetna, utan í ládeyðu fyrir kunnuga. Að sunnan gengur annar vogur styttri sem Harðgreip er kallaður og sýnir nafni að lending er þar ei ljúffellileg. Á báðum eyjum þessum er æðarvarp sem tilheyrir Kolfreyjustaðar prestakalli, og er það stundum, þá kyrrt er í sjó, torsótt að verja fyrir ráni Flæmingja. Í Andeyjarvog er selveiði á vetrum þegar henni má við koma fyrir brimi. [232]

Andey í fjarðarmynni liggur undir Kolfreyjustaðarkirkju.[233]

Æðarvarp sem tilheyrir Kolfreyjustaðar prestakalli. [234]

Í Árbók Ferðafélagsins 1955 segir m.a. um jörðina Kolfreyjustað:

Út með eða úti fyrir austurströnd Fáskrúðsfjarðar eru þrjár eyjar, allar grasi vaxnar, er heita Æðarsker, Andey og Skrúður.[235]

Eyjarnar Æðarsker og Andey tilheyra Kolfreyjustað, en Skrúður Vattarnesi. Er lítill gróður í Æðarskeri, enda mjög mjótt. Andey er flöt og grösug, Skrúðurinn klettóttur með grænan koll og hlíðar. Utan í honum er Skrúðshellir, geysimikill og fagur, heimili Skrúðsbóndans.[236]

Af varpeyjunum er Háhólmi, Andey, Hafnarey og Kápa yzt í þyrpingu, nokkru innar er Hrútey og Spaðhólmi, en innst Gunnhildarey, Kálfur og Óseyjar. Hafnarey er stærst. Þar hefur ávallt staðið verskáli, en vogar svo skjólgóðir, að ekki þarf báta að setja. Innan við Krossá er Langatangabót og Langitangi got bátalægi, en Óseyjar skýla þar að utan.[237]

[231] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 425-426.
[232] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 406-407.
[233] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 270-271.
[234] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 406-407.
[235] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 90.
[236] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 101.
[237] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 70.

Út með eða úti fyrir austurströnd Fáskrúðsfjarðar eru þrjár eyjar, allar grasi vaxnar, er heita Æðarsker, Andey og Skrúður.[238]

Eyjar í og úti fyrir Fáskrúðsfirði eru: 1 Æðarsker suður frá Lambatanga, hér um 1/8 mílu í suður og norður en örmjótt, það er mestallt nakin fles, þvergnípt að utan en ekk[i] allhátt og drífur því yfir það sjór í stórbrimum; á því er grastorfa nokkur að austan. 2. Andey litlu utar í norðaustanverðu mynni fjarðarins, beint suður frá Hafnarnesi eystra, ¼ mílu að lengd í suður og norður og ½ mílu á breidd, þvergnípt og klöppótt að utan en að innanverðu víðast mýrlend og flöt. Inn í hana skerst að norðanverðu Andeyjarvogur frá 2ur til 3ju teigshæða á lengd en sextugur að breidd. Í botni hans innanverðum en bátsuppsátur allaklegt og lending að eyjunni mjög hættuleg hvarvetna, utan í ládeyðu fyrir kunnuga. Að sunnan gengur annar vogur styttri sem Harðgreip er kallaður og sýnir nafni að lending er þar ei ljúffellileg. Á báðum eyjum þessum er æðarvarp sem tilheyrir Kolfreyjustaðar prestakalli, og er það stundum, þá kyrrt er í sjó, torsótt að verja fyrir ráni Flæmingja.[239]

#### 4.3.2.25. Skrúður

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Skrúð:

Stöðvarfjörður sem heyrir í veraldlegum sökum til Breiðdalshreppi; f Fáskrúðsfjörður með þar til heyrandi eyjum: 1. Skrúður um áttung úr mílu undan nyrsta hluta svæðisins eða svokölluðum Vattarnestanga og heyrir til bújörðinni Vattarnesi. 2. Andey í fjarðarmynni liggur undir Kolfreyjustaðarkirkju.[240]

Fjörður þessi tekur nafn af ey þeirri er Skrúður heitir úti fyrir mynni hans norðaustanverðu [...][241]

Skrúðsey, almennt kölluð Skrúður, upphá eins og lítil fjall, nærri kringlótt 1/12 mílu á hvörn veg, víðar hvar að sunnan, vestan og norðan sett misháum þvergníptum björgum neðan til, en grasi vaxin að ofan og austan sumstaðar allt að sjómáli.[242]

Í Skrúð er mikið varp svartfugls og seglu, en ekki rétt hagkvæmt þar bjargið er vóða ófært til siga og ei heldur gengt. [...] Norðan við Skrúðinn er grasvaxinn

[238] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 90.
[239] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 404.
[240] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 270-271.
[241] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 395
[242] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 404-405.

hólmi er Arfaklettur heitir, þar er nýfarið að tímgast æðarvarp. Báðar þessar eyjar tilheyra Vattarnesi.[243]

Út frá Arfakletti er Þussasker, mikið fles, graslaus; norður frá Skrúðnum veður upp skerjaklasi nokkur er Brökur heita, og er því ófært hafskipum að fara nálægt Skrúðnum að norðan. Inn og norður af hönum skammt er iðusker eitt sem lítið ber á og Einbúi nefnist, þó er svo breitt sund milli þess og Hafnarnessflesjar að vel má fara á hafskipum suður og norður þegar fall og vindur er með, en straumar eru þar miklir og önuglegir.[244]

Í Árbók Ferðafélagsins 1955 segir m.a. um jörðina Vattarnes:

Út með eða úti fyrir austurströnd Fáskrúðsfjarðar eru þrjár eyjar, allar grasi vaxnar, er heita Æðarsker, Andey og Skrúður.[245] Er Skrúðurinn einn hömróttur og rís hátt úr sjó, stærsta ey fyrir Austfjörðum önnur en Papey. [...] Í Skrúð er fuglager, og heldur það honum grænum vetur sem sumar.[246]

Eyjarnar Æðarsker og Andey tilheyra Kolfreyjustað, en Skrúður Vattarnesi. Er lítill gróður í Æðarskeri, enda mjög mjótt. Andey er flöt og grösug, Skrúðurinn klettóttur með grænan koll og hlíðar. Utan í honum er Skrúðshellir, geysimikill og fagur, heimili Skrúðsbóndans.[247]

Þá segir:

Af varpeyjunum er Háhólmi, Andey, Hafnarey og Kápa yzt í þyrpingu, nokkru innar er Hrútey og Spaðhólmi, en innst Gunnhildarey, Kálfur og Óseyjar. Hafnarey er stærst. Þar hefur ávallt staðið verskáli, en vogar svo skjólgóðir, að ekki þarf báta að setja. Innan við Krossá er Langatangabót og Langitangi got bátalægi, en Óseyjar skýla þar að utan.[248]

Út með eða úti fyrir austurströnd Fáskrúðsfjarðar eru þrjár eyjar, allar grasi vaxnar, er heita Æðarsker, Andey og Skrúður.[249]

Úti fyrir firðinum norðaustanvert ½ mílu frá Hafnarnesi stendur 3. Skrúðsey, almennt kölluð Skrúður, upphá eins og lítil fjall, nærri kringlótt 1/12 mílu á hvörn veg, víðar hvar að sunnan, vestan og norðan sett misháum þvergníptum björgum neðan til, en grasi vaxin að ofan og austan sumstaðar allt að sjómáli.[250] […] Í framhellrinum er bjart að framan; þar verpir fjöldi ritfugl upp um allt bergið og er indæli mikið að skoða hellir þennan, einkum um morguntíma framan af sumri

[243] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 406-407.
[244] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 406-407.
[245] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 90.
[246] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 90.
[247] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 101.
[248] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 70.
[249] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 90.
[250] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 404.

þá sólin skín á hann […].[251] Engar fágætar steina- eður grasategundir ætla eg finnist í Skrúð; nægð er þar mikil af skarfakáli og er það vel fallið til að sýra með því drykk sem nokkrir tíðka sér til búdrýginda. [...] Í Skrúð er mikið varp svartfugls og seglu, en ekki rétt hagkvæmt þar bjargið er vóða ófært til siga og ei heldur gengt. [...]Norðan við Skrúðinn er grasvaxinn hólmi er Arfaklettur heitir, þar er nýfarið að tímgast æðarvarp. Báðar þessar eyjar tilheyra Vattarnesi.[252]

#### 4.3.2.26. Hólmahólmar

Í Árbók Ferðafélagsins 1955 segir m.a. um kirkjujörðina Hólma:

> Leiðarhöfði heitir kletthöfði á Hólmum, nokkuð fyrir utan bæ, landfastur á mjóu eiði. Mun hann draga nafn af því að þar hafi Reyðfirðingar að fornu átt leiðarþing. Innan við hann er vík lítil, og heitir nesið innan við hana Hörganes. Gæti þetta bent til fornrar goðadýrkunar á Hólmum, áður kirkja kom þar. Hólmar draga nafn af hólmum, er þar eru í sjó rétt fram undan Leiðarhöfða. Heitir stærsti hólminn Stórhólmi, en hinir Flathólmi, Hraukhólmi og Landhólmi, og er varp í öllum, sem eyddist á stríðsárunum, en er nú í vexti. Reyðarsker heitir sunnan við Stórhólma. Hólmum fylgdi líka Seley úti fyrir Reyðarfirði, og munu Hólmaprestar á velmaktarárum sínum tæplega hafa vanrækt hákarlaveiðina þar, en henni hefur Ásmundur á Bjargi lýst vandlega í áðurnefndri bók sinni. Aftur á móti fylgdi Skrúðurinn Vattarnesi, þótt Skrúðsbóndinnn gerði sér títt um prestsdóttur á Hólmum.[253]

Hólmar voru á 19. öld þriðja hæstmetna brauð í Múlaþingi, næst á eftir Hofi í Vopnafirði og Eydölum. Réðu þar mestu um varphlunnindi af hólmunum sem bærinn dregur nafn af svo og afgjöld af uppsátri í Seley og leigugjöld af jarðeignum í Stóru-Breiðuvík, Skálateigi í Norðfirði og víðar.[254] Hólmaklappir eru við sjóinn út og niður af bæ á Hólmum, Bæjarklöpp, Salthúsklöpp og Hjallhraun minna þar á sjósókn en Tíðanaust og Biskupsbás á útgerð af geistlegum toga. Þar á milli var fyrirkomið hundum við Hundasnaga, þannig að hver fékk sitt. Utan við Illukeldulæk er Hörganes og segir í örnefnaskrá að þar séu rústir af hörgum. Tekur þá við Leiðarhöfðavík innan við Leiðarhöfða, allháan klettakoll úr innskotsbergi (dóleríti) sem tengist Reyðarfjarðareldstöðinni. Út af höfðanum eru Hólmar fimm talsins. Næst Leiðarhöfða er Landhólmi, síðan Hraukhólmi, þá Ysthólmi (Ysti-Hólmi), Flathólmi og syðst Stórhólmi. Rétt sunnan við hann er Reyðarsker.[255] Hólmarnir aðrir en Flathólmi eru allháir og kúptir, gerðir úr innskotsbergi (dóleríti) líkt og Hólmaborgir, iðjagrænir af skarfakáli sumar sem vetur og veita skjól fjölda fugla einkum æðarfugli og lunda, en sá síðarnefndi verpir aðeins í Stórhólma. Fjara með Hólmalandi og varphólmarnir voru friðlýst þegar árið 1841. Heimildir frá 19. öld sýna að æðarvarp var þá langtum meira og arðgæfara

[251] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 404-405.
[252] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 406.
[253] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 112.
[254] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2005. Árbók: Austfirðir, frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar, bls. 33.
[255] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2005. Árbók: Austfirðir, frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar, bls. 35.

en síðar þar eð 50-75 kg fengust úr 3000-4500 hreiðrum. Síðustu þrjá áratugi hefur æðarvarpið verið nokkuð stöðugt og gefið af sér 8-11 kg úr rúmlega 500 hreiðrum.[256]

Reyðarsker, Biskupsbás og Biskupshöfði: Þrír bræður eignuðust Hólma á ofanverðri 15. öld og var einn þeirra blindur. Þegar kom að því að skipta landinu létu þeir sjáandi bróðurinn blinda ekki fá nema lítið sker sem er suður af Stórhólma. Þá gerðist það að reyðarhval rak upp á skerið og hefur það upp frá því verið kallað Reyðarsker. Ekki gátu bræðurnir unnt þeim blinda að njóta hvalsins og höfðu af honum hlutinn. Athæfi þeirra var kært til biskups sem ætlaði að miðla málum í vísitasíuferð. Þá settu þeir biskup og sveina hans í áralausan bát þar sem síðan heitir Biskupsbás og ýttu honum á flot í aflandsvindi. Rak bátinn suður yfir fjörð og bar að landi við höfða hjá Eyri, sem upp frá því heitir Biskupshöfði. Biskupi varð hins vegar ekki meint af volkinu en tólf presta dómur dæmdi Hólma og kirkjuna ásamt þeim jörðum er henni tilheyrðu frá þeim bræðrum til eignar kirkjunni. Lagði biskup af því fé jarðirnar Sómastaði og Sómastaðagerði ásamt Stórhólma til framfærslu blinda bróðurnum og hafa þær síðan verið fátækrafé. – Önnur skýring á örnefnunum er ekki ósennileg er að biskupar hafi oft er þeir vísiteruðu á Hólmum látið ferja sig suður yfir fjörðinn.[257]

#### 4.3.2.27. Seley

Í Sýslu- og Sóknarlýsingum segir m.a. um Seley:

> Í landsuður frá Krossanesi liggur eyjan Seley (hér um 1 mílu þaðan); hún er sögð hér um bil 160 faðmar frá norðaustri til suðvesturs en hér um 60 faðmar frá norðvestri til suðausturs þar sem hún er breiðust; norðvestan við hana er sokallaður Hólmur, nærstum áfastur henni en nokkru minni, en suðvestan við hana eru þrjú sker sem heita: Eyjarsker, Miðsker og Setusker. Eyjan sjálf er nokkuð há með bjargi að norðaustanverðu, hún er sumstaðar mjög grýtt en þó nokkur grasvegur á henni og líka í Hólminum en enginn á skerjunum. Lending er þar hin hættulegasta og sífelld brim, samt liggja menn í eynni á vorin til útróðra og þykir þar rétt góð verstaða. Þar mætti og líklega verða gott æðarvarp ef ekki væri so örðugt að verja það fyrir vörgum og óhlutvöndum mönnum, og hafa aldrei hingað til orðið nein not að því, þar enginn hefir haft enn þann mannskap að láta mann vera þar stöðugt út í til að gæta varpsins. Engin er byggð á eynni og hún ekki heldur byggileg. [258] Í Seley þykir þeim best að vera sem stunda hákallaveiðar sem þó hefir brugðist nú í nokkur ár, og kenna menn því um að duggur dragi hann frá landi.[259]Til Hólmakirkju liggja fyrir utan allt heimaland (sem nær að norðanverðu að Miðstrandarsteini móts við Eskjufjarðarkaupstað

[256] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2005. Árbók: Austfirðir, frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar, bls. 35.
[257] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2005. Árbók: Austfirðir, frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar, bls. 36.
[258] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 372-373.
[259] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 320-381.

> en að vestanverðu að Grjótá utan við Sómastaði) þessar jarðir: […] 3. Seley, sem áður er getið, liggur og undir kirkjuna og er hún í máldögum kölluð 4 hndr.[260]

> Ítök Valþjófstaðarkirkju eftir biskupanna Vilchins og Gísla máldagabókum: „Kirkjan að Valþjófstöðum á hvalreka allan á Sverristeig; áttung í hval og fjórðug í öllum Ófærurekum og á Ketilstaðasandi; áttung í hval í Sandvík; þriðjung í hval í Seley.[261]

> Eftir máldögum kirkjunnar [asr: Valþjófstaðarkirkja] á hún víða rekaítök en mörg af þeim verða ekki notuð vegna þess að takmörk þeirra eru svo óglögg og örnefnin úrelt en þau helstu sem hægt er að nota eru: […] e. 1/3 hvals í Seley og Múlaenda fyrir utan Ketilsstaði í Jökulsárhlíð.[262]

Í Árbók Ferðafélagsins 2005 segir m.a. um Seley:

> Seley er eyja norðaustur af mynni Reyðarfjarðar, 4,5 km austsuðaustur frá Krossanesi og tengist henni skerjagarður alls um 3 km á lengd í norðlæga stefnu. Mikið er af selum við eyna, landselur og þó einkum útselur, og kæpa þar eflaust. Norðan Seleyjar er Hólmur, klettur vaxinn skarfakáli en sunnan við er Eyjarsker, þá þrjú smásker, Hella, Miðsker og Sigurðarsker og syðst Setusker þaðan sem hallar bratt niður í Reyðarfjarðarár, farveg skriðjökla á ísöld. Skerjagarðurinn er á stuðlaðri hraunlagabrún sem rís hæst mót austri og brýtur úthafshölduna. Þar er Ræningjaskora í bergið, þröng niðurgöngu milli bjarga og nær að flóðborði. Segir sagan að þar hafi fjórar bátshafnir falist fyrir Tyrkjum 1627. Allgóðar lendingar eru vestan á Seley, heitir fyrir miðri ey Sandlending, oft með skeljasandsfjöru og var hún mest notuð, en sín hvorum megin eru Nyrstahöfn og Syðstahöfn. Upp af þeirri síðastnefndu voru þrír aflraunasteinar nefndir Hrúturinn, Ærin og Lambið en steinarnir hafa ekki fundist í seinni tíð. Halar er örnefni norðvestan á eynni, þrautalending í grófri suðvestanátt. Þrjár grasivaxnar hæðir eru í Seley, Hjallsbyggð nyrst, þá Byggðarholt og syðst Bóndavörðuholt, nefnt eftir mikilli grjótdyngju sem áður kringdi Bóndavörðu allháa og stæðilega; var varðan þýðingarmikið siglingamerki fyrr á tíð. Viti var reistur á Hjallsbyggð 957 og í honum er nú sjálfvirk veðurathugunarstöð. Seley á sér langa og merka sögu sem verstöð. Róið var úr eynni frá ómunatíð fram á 20. öld. Þótt eyjan heyri undir Hólmakirkju frá fornu fari fengu allar jarðir við Reyðarfjörð þar aðstöðu til útræðis gegn vægu afgjaldi. Höfðu flestir bjargálna bændur þar bát og áhöfn eðahlutamann hjá öðrum. Stóð vertíðin oftast frá fardögum fram í sláturbyrjun en stundum var skroppið fyrr í eyna frá jörðum sem næst lágu. Einkum gerðu menn út á lúðu, skötu og hákarl og þóttu hákarlamið óvíða betri austanlands. Á þá kynjaskepnu minna örnefnin

[260] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 383.
[261] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 145-146.
[262] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 167.

Hákarlahnaus og tanginn Seigklöpp í Seley og Setusker suður af. Gott þótti að verka hákarl í eynni því að sjaldan angraði þar maðkafluga sem oft spillti afurðum í landi. Um þorkinn var minna hirt enda fékkst hann víða inni í firði og nær landi. Oft voru fyrrum miklar hvalavöður við eyna, jafnvel svo að ekki var lagt í róður þótt gott væri í sjó. Mikið æðarvarp hefur lengst af verið í Seley, varið af kríu, en einnig verpa þar teistur, lundar og fleiri tegundir fugla.[263] [...] Nú nytjar Eskifjarðarprestur æðarvarpið í eynni.[264]

Í Árbók Ferðafélagsins 2005 segir m.a. um Hólmakirkju:

Í landsuður frá Krossanesi liggur eyjan Seley (hér um 1 mílu þaðan); hún er sögð hér um bil 160 faðmar frá norðaustri til suðvesturs en hér um 60 faðmar frá norðvestri til suðausturs þar sem hún er breiðust; norðvestan við hana er sokallaður Hólmur, nærstum áfastur henni en nokkru minni, en suðvestan við hana eru þrjú sker sem heita: Eyjarsker, Miðsker og Setusker. Eyjan sjálf er nokkuð há með bjargi að norðaustanverðu, hún er sumstaðar mjög grýtt en þó nokkur grasvegur á henni og líka í Hólminum en enginn á skerjunum. Lending er þar hin hættulegasta og sífelld brim, samt liggja menn í eynni á vorin til útróðra og þykir þar rétt góð verstaða. Þar mætti og líklega verða gott æðarvarp ef ekki væri so örðugt að verja það fyrir vörgum og óhlutvöndum mönnum, og hafa aldrei hingað til orðið nein not að því, þar enginn hefir haft enn þann mannskap að láta mann vera þar stöðugt út í til að gæta varpsins. Engin er byggð á eynni og hún ekki heldur byggileg. Skammt fyrir utan Hólmabæ, framan við Leiðarhöfða, eru 5 hólmar er so heita: Stórhólmi, Ystihólmi, Flathólmi, Hraukhólmi, Landhólmi, Stórhólminn er hér um 120 faðmar frá austri til vesturs en 40 til 50 faðmar frá norðri til suðurs, hinir eru minni og minni ein sog þeir standa í röðinni. Í hólmum þessum er talsvert æðarvarp (nú í þrjú ár hefi eg fengið til jafnaðar 150 pund dúns) og verpur þar best í Ysta- og Flathólmanum og er það víst að þeir eru so ósléttir og þýfðir að fuglinn hefir þar besta skýli. Lundi er og talsverður þar, einkum í Stórhólmanum, og tel eg það lítinn kost því hann grefur alla hólmana í sundur og umturnar bæði hreiðrunum og grasveginum. Lítið hefi eg ennþá getað veitt af lundanum þar eg hefi haft annað nauðsynlegra að starfa. Varphólmar þessir liggja undir Hólmaprestakall.[265]

Þrjár grasivaxnar hæðir eru í Seley, Hjallsbyggð nyrst, þá Byggðarholt og syðst Bóndavörðuholt, nefnt eftir mikilli grjótdyngju sem áður kringdi Bóndavörðu allháa og stæðilega; var varðan þýðingarmikið siglingamerki fyrr á tíð. Viti var reistur á Hjallsbyggð 1957 og í honum er nú sjálfvirk veðurathugunarstöð. Seley á sér langa og merka sögu sem verstöð. Róið var úr eynni frá ómunatíð fram á 20. öld. Þótt eyjan heyri undir Hólmakirkju frá fornu fari fengu allar jarðir við Reyðarfjörð þar aðstöðu til útræðis gegn vægu afgjaldi. Höfðu flestir bjargálna bændur þar bát og áhöfn eðahlutamann hjá öðrum. Stóð vertíðin oftast frá

[263] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2005. Árbók: Austfirðir, frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar, bls.73-74.
[264] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2005. Árbók: Austfirðir, frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar, bls. 75.
[265] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 372-373.

> fardögum fram í sláturbyrjun en stundum var skroppið fyrr í eyna frá jörðum sem næst lágu. Einkum gerðu menn út á lúðu, skötu og hákarl og þóttu hákarlamið óvíða betri austanlands. Á þá kynjaskepnu minna örnefnin Hákarlahnaus og tanginn Seigklöpp í Seley og Setusker suður af. Gott þótti að verka hákarl í eynni því að sjaldan angraði þar maðkafluga sem oft spillti afurðum í landi. Um þorkinn var minna hirt enda fékkst hann víða inni í firði og nær landi. Oft voru fyrrum miklar hvalavöður við eyna, jafnvel svo að ekki var lagt í róður þótt gott væri í sjó. Mikið æðarvarp hefur lengst af verið í Seley, varið af kríu, en einnig verpa þar teistur, lundar og fleiri tegundir fugla.[266] [...] Nú nytjar Eskifjarðarprestur æðarvarpið í eynni.[267]

Í Árbók ferðafélags Íslands, 1955 segir ennfremur:

> Hólmum fylgdi líka Seley úti fyrir Reyðarfirði, og munu Hólmaprestar á velmaktarárum sínum tæplega hafa vanrækt hákarlaveiðina þar, en henni hefur Ásmundur á Bjargi lýst vandlega í áðurnefndri bók sinni. Aftur á móti fylgdi Skrúðurinn Vattarnesi, þótt Skrúðsbóndinnn gerði sér títt um prestsdóttur á Hólmum.[268]

#### 4.3.2.29 Hvalbakur

## 4.4 Norður-Múlasýsla

### 4.4.1. Eyjur í byggð

#### 4.4.1.2. Bjarnarey

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Bjarnarey:

> Bjarnarey, norðaustur af Fagradalsfjalli, skammt frá landi, 25-30 dagslátta að stærð, eftir máldaga 6 hndr. Að dýrleika og á Hofskirkja hana. Eyjan er óbyggð en sjómenn liggja þar á vorum við hákallaveiðar, og er skáli til þess gjör. Hér var Jón lærði í þrjú ár og hefir h[ann] markað ártalið á klöpp í eynni, 1632-1635. Mælt er að hellir sé undir eynni og er sigið f[yrir] munna hans að mestu. Gullborg heitir klettur á eynni. Leiðarhafnarhólmi liggur undan Leiðarhöfn á tanga; er þar æðarvarp og á bærinn hann. Innar við Tanga liggja hólmar tveir, Miðhólmi og Skipshólmi, rétt undan höndlunarstaðnum. Hofsk[ir]kja á hólma þ[á] og er þar æðarvarp. Hólmar þessir eru allir litlir.[269]
>
> Hákallaveiði er stunduð á vorum af bæjum við sjó og leggja menn til þess lagvaði skammt frá landi, eða menn fara út í Bjarnarey og liggja þar um tíma. Þó er veiði þess lítil.[270]

[266] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2005. Árbók: Austfirðir, frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar, bls.73-74.
[267] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2005. Árbók: Austfirðir, frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar, bls. 75.
[268] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1955. Árbók: Austfirðir sunnan Gerpis, bls. 112.
[269] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 43.
[270] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 50.

Í Árbók Ferðafélagsins 1968 segir m.a. um Bjarnarey:

> Bjarnarey er á Héraðsflóa austanvert við sporð Kollumúla, en tilheyrir að eign og umráðum Vopnafjarðarbyggð. Aðeins mjótt sund er milli eyjarinnar og Múlans. Stærð hennar erum 9 hektarar. Hún er lág og algróin að kalla má. Á sporði hennar hinum nyrðri rís klettaborg sem Gullborg heitir. Undir henni var hellir, nefndur Gullbjarnarhellir, en hrun úr berginu hefur lokað mynni hans að estu. Sunnanvert er annar hellir minni, og herma sagnir, að göng séu milli hellismunnanna. En hellismunnurinn syðri er svo lágt frá sjó, að í hann verður ekki komizt nema um fjöru og ládeyðu. Það er gömul sögn, að fullt nafn eyjarinnar sé Gullbjarnarey. Er svo sagt, að fyrstur hafi tekið bólfestu þar maður, sem Björn hét. Átti hann að hafa aflað mikils fjár í víkingaferðum, og hafi hann vegna auðs síns verið nefndur Gull-Björn. Vildi hann ekki búa nærri öðrum mönnum og tók sér því búsetu á eyjunni. Gull sitt átti hann að hafa geymt og fólgið í hellinum undi Gullborginni.[271]
>
> Á klettastapa við Kollumúlann gegnt eyjunni er grjótdys, sem nefnd er Gullbjarnardys. Þar hermir sögnin, að Björn sé heygður. Yngri sögn, að eyjan sé kennd við Hákarla-Bjarna sýslumann, fær eigi staðizt, vegna þess að nafn hennar var kunnugt fyrir hans dag.
>
> Bjarnareyjar er fyrst getið í Vilchinsmáldaga 1397. Hún er þá talin meðal eigna Hofskirkju í Vopnafirði og alla tíð síðan nokkuð fram yfir aldamót 1900, er Sveinn bóndi Jónsson í Fagradal í Vopnafirði fékk hana keypta.[272] [...] Um fyrstu byggð í Bjarnarey er fátt kunnugt. Árið 1681 býr þar maður að nafni Jón Hallvarðsson. Ekkert er um hann kunnugt. Árið 1696 er Bjarnarey í jarðatali metin 6 hndr. að dýrleika og 60 álnir til landskuldar. Líklega hefur hún þá verið í ábúð, annaðhvort Jóns þessa eða þeirra, sem brátt getur.[273] [...]
>
> Á sjósókn mestpart og eyjagagni hafa þessir búendur framfærzt. Nokkrar kindur gætu þeir hafa haft og e.t.v. sína kúna hvor á eyjatöðu; menjar túns eru engar. Menjar tveggja bæja finnast, og eru nefndar Efri- og Neðribær. Að þessu sinni hélzt ábúð í Bjarnarey til 1716 að sögn Þorsteins sýslumanns Sigurðssonar á Víðivöllum (sýslulýsing 1745). Óbyggð er hún þaðan frá til 1776, en er þá getið sem verstöðvar Vopnfirðinga og Héraðsmanna (Olavius). Meðal eyðibýla telur séra Einar Stefánsson hana 1794.[274]
>
> Við manntalið 1816 er Bjarnareyjar ekki getið meðal byggðra bóla. Í Johnsens jarðatali 1847 er eyjarinnar getið sem eignar Hofskirkju, arðlítillar. Er sagt, að stundum sé haldið út þaðan til hákarlaveiða á vorin, og gjaldist þá þaðan til kirkjunnar einn til tveir ríkisdalir, meira eða minna eftir fjölda bátanna. Heimildir sínar hefur Johnsen eflaust frá Hofspresti. Er þá augljóst, að ábúð hefur ekki verið í eyjunni lengi undanfarið sem og að verstöðvarsókn hefur

[271] Ferðafélag Íslands, Halldór Stefánsson. Árbók 1968: Vopnafjörður, Hornstrandaþættir, bls. 55.
[272] Ferðafélag Íslands, Halldór Stefánsson. Árbók 1968: Vopnafjörður, Hornstrandaþættir, bls. 55.
[273] Ferðafélag Íslands, Halldór Stefánsson. Árbók1968: Vopnafjörður, Hornstrandaþættir, bls. 56.
[274] Ferðafélag Íslands, Halldór Stefánsson. Árbók1968: Vopnafjörður, Hornstrandaþættir, bls. 56.

verið lítið stunduð. Ekki er getið ábúðar í Bjarnarey í jarðabókinni 1861.[275] Eftir þetta fram til ársins 1887 er Bjarnareyjar ekki getið í bæjatali Vopnafjarðar. Af öðrum heimildum sést þó, að byggð hefur verið þar fyrir 1887.[276] [...]

Um aldamótin næstu hafði Björn Ólafsson gullsmiður á Vopnafirði á leigu æðarvarpið í Bjarnarey, en Fagradalsbændur fengu afnot beitar.[277] [...] Landnytjar í Bjarnarey eru hagbeit og varp. Vetrarbeit án nokkurs tilkostnaðar er örugg fyrir 30 kindur. Varpið hefur verið misjafnt. Þegar Björn Ólafsson hafði það á leigu, sem fyrr getur, var dúntekja aðeins fáein kg. En eftir að eyjan komst í eign og umráð Sveins bónda Jónssonar í Fagradal, fór varpið ört vaxandi allt upp í 40 kg dúntekju. Á stríðsárunum síðari minnkaði varpið mikið og hefur ekki náð sér til fulls síðan.[278]

Þá segir í Árbókinni um Vopnafjarðarbyggð:

Vopnafjarðarbyggð fylgja fjórar eyjar, þrjár litlar, sem í daglegu tali eru nefndar hólmar, og ein stærri, Bjarnarey. Allar eru þessar eyjar góð varplönd æðarfugli. Smáeyjarnar þrjár eru allar austanvert við Leiðarhafnartanga, tvær þeirra úti fyrir kauptúninu og veita skipalæginu mikla vörn gegn úthafsöldunni. Heita þær Skipshólmi og Miðhólmi og eru eign Hofs-kirkju.[279] Sú þriðja er utar með Tanganum og tilheyrir býlinu Leiðarhöfn.[280] Bjarnarey er útsunnanvert við sporð Kollumúla og verður þó að teljast yzta mark Vopnafjarðarbyggðar, með því að hún tilheyrir henni að eign og umráðum. Á ýmsum tímum hefur hún verið í ábúð, en á öðrum tímum verstöð. Hún á sér nokkra sögu kunna, en eflaust meiri sögu ókunna.[281]

Í Árbók Ferðafélagsins 1987 segir m.a. um Bjarnarey:

Um 1 km austur af Standandanesi er Bjarnarey, 9 hektarar að flatarmi, og fylgir nú Fagradal, en var áður eign Hofskirkju. Þar stendur viti á kletti sem Gullborg heitir. Eyjan er gullgista vegna æðarvarps. Í sýslulýsingunni frá 1745 segir að Vopnfirðingar hafi til forna stundað útræði frá Bjarnarey, en það sé aflagt; engin egg sé þar að hafa svo langt menn muni og eyjan hafi þá verið byggð í 29 ár. Eins og þarna kemur var fram var Bjarnarey stundum byggð fyrr á öldum, síðast 1884-90. Þar hafðist við um skeið (1632-35) Jón lærði Guðmundsson á flótta undan galdraofsóknum, en óvíst er hvort þá var búið á eynni (Halldór Stefánsson, 1970).[282]

*Fagradalsfjöll:* Um 1 km austur af Standandanesi er Bjarnarey, 9 hektarar að flatarmi, og fylgir nú Fagradal, en var áður eign Hofskirkju. Þar stendur viti á kletti sem Gullborg heitir. Eyjan er gullgista vegna æðarvarps. Í sýslulýsingunni

---

[275] Ferðafélag Íslands, Halldór Stefánsson. 1968. Árbók: Vopnafjörður, Hornstrandaþættir. Bls. 56-57.
[276] Ferðafélag Íslands, Halldór Stefánsson. 1968. Árbók: Vopnafjörður, Hornstrandaþættir. Bls. 57.
[277] Ferðafélag Íslands, Halldór Stefánsson. 1968. Árbók: Vopnafjörður, Hornstrandaþættir. Bls. 57.
[278] Ferðafélag Íslands, Halldór Stefánsson. 1968. Árbók: Vopnafjörður, Hornstrandaþættir. Bls. 58.
[279] Ferðafélag Íslands, Halldór Stefánsson. 1968. Árbók: Vopnafjörður, Hornstrandaþættir. Bls. 22.
[280] Ferðafélag Íslands, Halldór Stefánsson. 1968. Árbók: Vopnafjörður, Hornstrandaþættir. Bls. 22.
[281] Ferðafélag Íslands, Halldór Stefánsson. 1968. Árbók: Vopnafjörður, Hornstrandaþættir. Bls. 22.
[282] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 1987. Árbók: Norð-Austurland – Hálendi og eyðibyggðir, bls. 152.

frá 1745 segir að Vopnfirðingar hafi til forna stundað útræði frá Bjarnarey, en það sé aflagt; engin egg sé þar að hafa svo langt menn muni og eyjan hafi þá verið byggð í 29 ár. Eins og þarna kemur var fram var Bjarnarey stundum byggð fyrr á öldum, síðast 1884-90. Þar hafðist við um skeið (1632-35) Jón lærði Guðmundsson á flótta undan galdraofsóknum, en óvíst er hvort þá var búið á eynni (Halldór Stefánsson, 1970).[283]

Í Árbók Ferðafélagsins 2008 segir m.a. um Bjarnarey:

Bjarnarey á Héraðsflóa tilheyrir Vopnafjarðarhreppi.[284]

Á Bæjargerði niðri undir Jöklu eru tættur í stórri dæld og sunnan við Bæjargerðistanga er Mávasker í ánni.[285]

Sveinn Jónsson ættaður úr Suðursveit tók við jörðinni Fagradal af bændum sem fluttust til Ameríku 1903. Fagridalur var kirkjujörð þar til Sveinn keypti hana og Bjarnarey ári síðar.[286]

Bjarnarey er um einn km austur af Standandanesi, 11 ha að flatarmáli, vogskorin og algróin ofan fjöru og þar er því góður bithafi. Olavius segir þar fjórar lendingar sem rómaðar séu fyrir gæði; heiti þær Norðurhöfn, Stillir, Trébás (Trévík) og Fúlavík. Nú er einkum lagst að í tveimur þeim fyrstnefndu, háð vindátt og sjólagi. Í sóknarlýsingu Hofssóknar 1840 er Bjarnarey sögð sex hundruð að dýrleika samkvæmt máldaga og sé hún eign Hofskirkju. Torfkofi stóð fram eftir síðustu öld skammt frá lendingunni í Norðurhöfn, nefndur Hofsskáli. Samkvæmt þjóðsögu á Björn nokkur, auðugur að gulli og lausafé og því nefndur Gull-Björn, að hafa numið eyna síðla á landnámstíð og ber hún síðan nafn hans. Fyrir andlátið færði hann kistur sínar í brimhelli suðvestan á eynni. Mælti hann svo fyrir að hann skyldi heygður í hamradrangi við nestána hið næsta og heitir sá síðan Gullbjarnarstapi. Í sóknarlýsingunni stendur: „Eyjan er óbyggð en sjómenn liggja þar á vorum við hákallaveiðar, og er skáli til þess gjör. Hér var Jón lærði í þrjú ár og hefir h[ann] markað ártalið á klöpp í eynni, 1632 og 1635. Mælt er að hellir sé undir eynni og heita þar Miðborg og Suðurborg og suðvestur af þeim eru Hulduhólar.[287]

Ekki er ljóst hvort ábúð var í Bjarnarey þegar Jón lærði dvaldi þar en árið 1703 voru þar tveir ábúendur og 10 manns í heimili. Í tíð Olaviusar 1775 var þar aðeins verbúð, og segir hann Vopnfirðinga róa þaðan og stundum Héraðsbúa. Og ennfremur: „Við Bjarnareyju er mikill hákarl og það uppi undir landsteinum frá marsbyrjun til maíloka, sem ráða má af því að þar kvað aflast 25-30 hákarlar á bát á vorvertíð með hinum lélegu austfirsku veiðarfærum. [...] Ekkert er hægt

[283] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 1987. Árbók: Norð-Austurland – Hálendi og eyðibyggðir, bls. 152
[284] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2008. Árbók: Úthérað ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði, bls. 258
[285] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2008. Árbók: Úthérað ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði, bls. 275
[286] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2008. Árbók: Úthérað ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði, bls.295
[287] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2008. Árbók: Úthérað ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði, bls. 298.

að setja út á báta Austfirðinga annað en það að þeir eru allt of litlir svo að ekki er unnt að sækja á þeim til djúpmiða. Hellir er við sjávarmál sunnan á eynni, kallaður Dumpur en hrunið hefur fyrir Gullbjarnarhelli sem er norðan undir Gullborg og segir sagan að göng tengi hella þessa saman. Forn og mikill bæjarhóll er upp frá tanga milli Stillis og Skeljavíkur en nú gistir þar aðeins lundi. Síðast var byggð í eynni 1884-1890.[288] [...] Jörðin Fagridalur og Bjarnarey voru kirkjueign fram yfir aldamótin 1900 en þá keypti Sveinn Jónsson bóndi í Fagradal jörðina og Bjarnarey 1913 [...].[289]

Bjarnarey er um einn km austur af Standandanesi, 11 ha að flatarmáli, vogskorin og algróin ofan fjöru og þar er því góður bithafi. Olavius segir þar fjórar lendingar sem rómaðar séu fyrir gæði; heiti þær Norðurhöfn, Stillir, Trébás (Trévík) og Fúlavík. Nú er einkum lagst að í tveimur þeim fyrstnefndu, háð vindátt og sjólagi.

Í sóknarlýsingu Hofssóknar 1840 er Bjarnarey sögð sex hundruð að dýrleika samkvæmt máldaga og sé hún eign Hofskirkju. Torfkofi stóð fram eftir síðustu öld skammt frá lendingunni í Norðurhöfn, nefndur Hofsskáli. Samkvæmt þjóðsögu á Björn nokkur, auðugur að gulli og lausafé og því nefndur Gull-Björn, að hafa numið eyna síðla á landnámstíð og ber hún síðan nafn hans. Fyrir andlátið færði hann kistur sínar í brimhelli suðvestan á eynni. Mælti hann svo fyrir að hann skyldi heygður í hamradrangi við nestána hið næsta og heitir sá síðan Gullbjarnarstapi.

Í sóknarlýsingunni stendur: „Eyjan er óbyggð en sjómenn liggja þar á vorum við hákallaveiðar, og er skáli til þess gjör. Hér var Jón lærði í þrjú ár og hefir h[ann] markað ártalið á klöpp í eynni, 1632 og 1635. Mælt er að hellir sé undir eynni og heita þar Miðborg og Suðurborg og suðvestur af þeim eru Hulduhólar.[290] Ekki er ljóst hvort ábúð var í Bjarnarey þegar Jón lærði dvaldi þar en árið 1703 voru þar tveir ábúendur og 10 manns í heimili. Í tíð Olaviusar 1775 var þar aðeins verbúð, og segir hann Vopnfirðinga róa þaðan og stundum Héraðsbúa. Og ennfremur: „Við Bjarnareyju er mikill hákarl og það uppi undir landsteinum frá marsbyrjun til maíloka, sem ráða má af því að þar kvað aflast 25-30 hákarlar á bát á vorvertíð með hinum lélegu austfirsku veiðarfærum.“

Ekkert er hægt að setja út á báta Austfirðinga annað en það að þeir eru allt of litlir svo að ekki er unnt að sækja á þeim til djúpmiða. Hellir er við sjávarmál sunnan á eynni, kallaður Dumpur en hrunið hefur fyrir Gullbjarnarhelli sem er norðan undir Gullborg og segir sagan að göng tengi hella þessa saman. Forn

[288] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2008. Árbók: Úthérað ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði, bls. 299.
[289] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2008. Árbók: Úthérað ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði, bls. 299.
[290] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2008. Árbók: Úthérað ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði, bls. 298.

og mikill bæjarhóll er upp frá tanga milli Stillis og Skeljavíkur en nú gistir þar aðeins lundi. Síðast var byggð í eynni 1884-1890.[291]

Jörðin Fagridalur og Bjarnarey voru kirkjueign fram yfir aldamótin 1900 en þá keypti Sveinn Jónsson bóndi í Fagradal jörðina og Bjarnarey 1913 [...].[292]

Í Árbók Ferðafélagsins 2013 segir m.a.:

Ysta jörð við Vopnafjörð að sunnanverðu er eyðibýlið Fagridalur [...] Við nestána er hamradrangur sem heitir Gullbjarnarhaugur og segir sagan að efst á honum sé heygður Gull-Björn sem á að hafa numið Bjarnarey síðla á landnámstíð og ber eyjan síðan nafn hans.[293] [...] Fagridalur var góð hlunnindajörð á gamla vísu með útræði og nytjar af fugli, sel og reka en fjárgæsla erfið vegna staðhátta og engjar takmarkaðar. Refsstaðakirkja átti jörðina fyrrum og síðar Hofskirkja uns Sveinn Jónsson (1851-1931), ættaður úr Suðursveit, keypti hana árið 1912 og Bjarnarey ári síðar. Í eynni lét hann byggja snoturt hús sem stendur enn og hefur varðveislugildi. Sveinn og afkomendur hans í Fagradal hlúðu að æðarvarpi í Bjarnarey fram eftir öldinni og voru þar um 2.500 kolluhreiður þegar best lét.[294]

[...] Refsstaðarsókn var sameinuð Hofssókn árið 1812 og eftir það hefur Vopnafjarðarhérað verið eitt prestakall kennt við Hof. [...] Þá voru kirkjujarðir undan Hofi 14 talsins og til viðbótar kom Steinvarartunga sem afréttarland, Bjarnarey með gögnum og gæðum og að auki ýmis hlunnindi.[295]

### 4.4.2 Heimildir um eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofansjávar með tengsl við jörð

#### 4.4.2.1. Hafnarhólmi

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Hafnarhólma:

Ey er þar engin en einn hólmi sem æður verpa í liggur í norðurenda undan Hafnarbæ með klettum í kring og tveimur lendingarvíkum.[296]

Njarðvík með annexkirkju, þrjú býli, 40 hndr. (20 hndr. Bændaeign, 20 hndr. í kirkju), stendur millum Göngudals og Skemmudals norðan megin í víkinni, er sæmileg slægnajörð og hagbeitar eftir sem í fjörðum er en gengur af sér vegna

---

[291] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2008. Árbók: Úthérað ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði, bls. 299.
[292] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2008. Árbók: Úthérað ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði, bls. 299.
[293] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2013. Árbók: Norðausturland: Vopnafjörður, Strönd, Langanes, Þistilfjörður, Slétta, Núpasveit, Öxarfjörður og Hólsfjöll, bls. 24.
[294] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2013. Árbók: Norðausturland: Vopnafjörður, Strönd, Langanes, Þistilfjörður, Slétta, Núpasveit, Öxarfjörður og Hólsfjöll, bls. 27.
[295] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2013. Árbók: Norðausturland: Vopnafjörður, Strönd, Langanes, Þistilfjörður, Slétta, Núpasveit, Öxarfjörður og Hólsfjöll, bls. 64.
[296] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 206.

skriða úr fjöllum. Á hún og selnótapláss undir Njarðvíkurfjöllum á móts við Ós og varphólma.[297]

Í Árbók Ferðafélagsins 1957 segir m.a. um kirkjujörðina Njarðvík:

> Beggja megin fjarðar er beitt og flatt undirlendi, einkum á vesturströnd, og skiptast á mýrar og valllendi. Utarlega í firði nær austurströnd og bænum Höfn er Hafnarhólmi, aflangur, kafinn í töðugresi, með æðarvarpi, sem minnkað hefur á seinni árum. Hann tilheyrir kirkjujörðinni Njarðvík.[298]
>
> Mesta prýði jarðarinnar [...] er Hafnarhólmi út og niður af bæ, eign Njarðvíkurkirkju sem var bændakirkja og fer um skiptingu hlunninda eftir eignarhlut í Njarðvíkurlandi. Eiga Hafnarbændur þar nú 60% og því meirihluta í hlunnindum af hólmanum.

Í landamerkjabréfi Jarðarinnar Höfn í Borgarfirði, sem þinglesið var á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922 segir m.a. um Hafnarhólma:

> Varphólmi fyrir Hafnarlandi er eign Njarðvíkurkirkju.[299]

Þá segir í afsali um Hafnarhólma, dags. 20. september 1973 m.a.:

> Undirrituð, Þorsteinn Magnússon, Stefanía Magnúsdóttir og Jón Magnússon, Höfn í Borgarfirði eystra, eigendur að tveföldum tólf hundruðum fornum, í jörðinni Njarðvík í Borgarfjarðarhreppi og Sigurður Bóasson á Borg í Njarðvík, eigandi að tveföldum tveimur hundruðum fornum í þeirri jörð, seljum hér með og afsölum Borgarfjarðarhreppi eignarhlutdeild okkar í spildu þeirri úr Hafnarhólma í Borgarfirði eystra, sem afmörkuð er á meðfylgjandi uppdrætti, en Hafnarhólmi er óskipt sameign eigenda jarðarinnar Njarðvík.Nánar tilgreint er hið selda sá hluti Hafnarhólma, er verður vestan og sunnan tveggja beinna lína, sem dregnar eru hornrétt hvor á aðra, á uppdrættinum, og afmarkar athafnasvæði fyrirhugaðrar hafnar.Borgarfjarðarhreppi er kunnugt um, að biskup hefur gert kröfu um, að Hafnarhólmi falli til Bakkagerðiskirkju, en hálf jörðin Njarðvík og Hafnahólmi var áður eign Njarðvíkurkirkju, sem nú er aflögð. Verði þeirri kröfu haldið til laga greiðir Borgarfjarðarhreppur kostnað við að halda uppi vörnum í því máli, hlutfallslega miðað við eignaraðild hreppsins í jörðinni Njarðvík. Ef Hafnarhólmi yrði dæmdur eign Bakkagerðiskirkju, greiðir Borgarfjarðarhreppur henni þær bætur, er hún kynni að eiga, vegna þess hluta hólmans, er seldur er, með afsali þessu, til hafnargerðar, og á hreppurinn ekki endurkröfurétt á þeim bótum úr hendi seljenda skv. afsali þessu.[300]

---

[297] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000. Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874, bls. 208.
[298] Ferðafélag Íslands, Stefán Einarsson. 1957. Árbók: Austfirðir norðan Gerpis, bls. 84.
[299] Landamerkjabók Norður-Múlasýslu, 1921-1979, bls. 141.
[300] Landamerkjabók Norður-Múlasýslu, 1921-1979, bls. 257.

#### 4.4.2.2 Skiphólmi og Miðhólmi

Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2013 segir meðal annars um Skiphólma og Miðhólma:

> Fyrir landi Brimhorns var Akkerishólmi sem bátar voru bundnir við, nú kominn undir uppfyllingu. Utan við Brimhorn var Búðarmöl, löng fjara neðan við Plássið, þ.e. gömlu verslunarlóðina, en úti fyrir voru tveir varphólmar, Skiphólmi og Miðhólmi, í eigu Hofskirkju. [301]

Þá segir jafnframt í Árbók Ferðafélags Íslands, 1968 eftirfarandi:

> Vopnafjarðarbyggð fylgja fjórar eyjar, þrjár litlar, sem í daglegu tali eru nefndar hólmar, og ein stærri, Bjarnarey. Allar eru þessar eyjar góð varplönd æðarfugli. Smáeyjarnar þrjár eru allar austanvert við Leiðarhafnartanga, tvær þeirra úti fyrir kauptúninu og veita skipalæginu mikla vörn gegn úthafsöldunni. Heita þær Skipshólmi og Miðhólmi og eru eign Hofs-kirkju.[302]

#### 4.4.2.3 Leiðarhafnarhólmi

Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2013 segir meðal annars um Leiðarhafnarhólma:

> Í Leiðarhöfn er snoturt bæjarstæði þaðan sem útræði var stundað úr Bæjarvík og hlúð að æðarvarpi í Leiðarhafnarhólma.[303]

Þá segir jafnframt í Árbók Ferðafélags Íslands, 1968 eftirfarandi:

> Vopnafjarðarbyggð fylgja fjórar eyjar, þrjár litlar, sem í daglegu tali eru nefndar hólmar, og ein stærri, Bjarnarey. Allar eru þessar eyjar góð varplönd æðarfugli. Smáeyjarnar þrjár eru allar austanvert við Leiðarhafnartanga, tvær þeirra úti fyrir kauptúninu og veita skipalæginu mikla vörn gegn úthafsöldunni. Heita þær Skipshólmi og Miðhólmi og eru eign Hofs-kirkju. Sú þriðja er utar með Tanganum og tilheyrir býlinu Leiðarhöfn.[304]

## 5. KRÖFUSVÆÐI OG KRÖFUGERÐ

### 5.1. Almennt

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að allar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta B, Austurland, teljist þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Tekur krafa

---

[301] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2013. Árbók: Norðausturland: Vopnafjörður, Strönd, Langanes, Þistilfjörður, Slétta, Núpasveit, Öxarfjörður og Hólsfjöll, bls. 70.
[302] Ferðafélag Íslands, Halldór Stefánsson. 1968. Árbók: Vopnafjörður, Hornstrandaþættir, bls. 22.
[303] Ferðafélag Íslands, Hjörleifur Guttormsson. 2013. Árbók: Norðausturland: Vopnafjörður, Strönd, Langanes, Þistilfjörður, Slétta, Núpasveit, Öxarfjörður og Hólsfjöll, bls. 70-71.
[304] Ferðafélag Íslands, Halldór Stefánsson. 1968. Árbók: Vopnafjörður, Hornstrandaþættir, bls. 22.

ríkisins til allra nafngreindra og að öðru leyti tilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem taldar eru í kafla 5.2 og allra annarra ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga, sbr. kafli 5.3. Í kafla 5.4 eru taldar þær eyjar, sker og landfræðilegu einingar sem krafa ríkisins tekur *ekki* til.

Byggt er á því að þær eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem krafa ríkisins tekur til, sbr. kaflar 5.2 og 5.3, hafi verið utan landnáms, nema annað sé tekið sérstaklega fram. Af frásögnum Landnámu er einstakra kröfusvæða ýmist ekki getið eða getið án þess að unnt sé að ráða hvort þar hafi menn hafið búsetu eða einungis farið þar um. Af frásögnum Landnámu verður því ekki ráðið að landnám hafi náð til kröfusvæðanna. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim lýsingum um stofnun beins eignarréttar yfir svæðunum í öndverðu. Verði talið að svæðin kunni að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá hitt, að beinn eignarréttur, sem þannig kann að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekin til takmarkaðra nota annarra.

Á því er einnig byggt að af fyrirliggjandi heimildum, sbr. kafli 4 hér að framan, verði ekki ráðið að stofnast hafi til beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum hætti. Af fyrirliggjandi heimildum verður ekki annað ráðið en að að því marki sem kröfusvæðin hafa verið nýtt þá hafa þau eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti eða til nýtingar á tilteknum hlunnindum, í flestum tilvikum til beitar, fuglaveiði og eggjatöku. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess í einhverjum tilvikum að tilteknar jarðir eða tilteknir aðilar hafi kallað til réttinda á einstökum kröfusvæðum, þá benda þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst er hvernig viðkomandi jarðir eða aðilar voru tilkomnar að þeim réttindum.

Þá er á því byggt að landfræðilegar aðstæður bendi sérstaklega til þess að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að kröfusvæðunum. Um er að ræða eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa ekki verið og eru ekki vel fallnar til búsetu, þrátt fyrir að eftir atvikum hafi verið unnt að hafa af þeim ýmsar nytjar. Að því marki sem heimildir benda til þess að búseta hafi verið á kröfusvæðunum virðist hafa verið um að ræða takmarkaðar og stopular tilraunir þar að lútandi.

Vísast hér að öðru leyti til 4. kafla kröfulýsingar þessarar, þar sem teknar hafa verið saman fyrirliggjandi heimildir um hvert svæði.

Tekið skal fram að kröfulýsing þessi byggist á þeim heimildum sem liggja fyrir við gerð kröfulýsingarinnar og ber því ekki að líta svo á að um sé að ræða tæmandi umfjöllun eða rökstuðning fyrir kröfugerð íslenska ríkisins.

Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og Landsréttar, eftir því sem við á, sem og til almennra niðurstaða óbyggðanefndar, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

## 5.2. Nafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að eftirfarandi nafngreindar og að öðru leyti tilgreindar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta B, Austurland, teljist þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998:

*1. Blásandi*

*2. Réttill*

*3. Dyrhóladrangar*

*4. Hrollaugseyjar*

*5. Styrmissker*

*6. Skógey*

*7. Flangey*

*8. Hrísey*

*9. Hvalhólmi*

*10. Griðungseyjar*

*11. Árnanesshólmi*

*12. Slitra*

*13. Slitruskjer*

*14. Mígandanesshólmi*

*15. Mígandanesshöfði*

*16. Þúfuhólmi*

*17. Stöðlasker*

*18. Kexishöfði*

*19. Krossey*

*20. Hrísey*

*21. Hrafnsey*

*22. Þúfusker*

*23. Akurey*

*24. Hrafnasker*

*25. Lynghólmi*

*26. Lyngeyjarhólmi*

*27. Lúrnasker*

*28. Kerlingarey*

*29. Tréhólmi*

*30. Krókalátursey*

*31. Ægissíðuhólmi*

*32. Lyngey*

*33. Standeyjarþúfa*

*34. Standey*

*35. Standeyjarhöfði*

*36. Áslaugarey*

*37. Hornsker*

*38. Grjótárdalssker*

*39. Folaldasker*

*40. Stokknessröst*

*41. Mávaklettsboði*

*42. Flatasker*

*43. Fjarðarsker*

*44. Hólanesshöfði*

*45. Kirkjusker*

*46. Hraunsker*

*47. Hálsasker*

*48. Hafnargarður*

*49. Hafnarsker*

*50. Naustabakkar*

*51. Borgeyjarboði*

*52. Eystra- og Vestrasker*

*53. Kríusker*

*54. Hálsasker*

*55. Minnasker*

*56. Hellnasker*

*57. Kráka*

*58. Bóla*

*59. Fjarðarsker*

*60. Sker*

*61. Róðrarsker*

*62. Hlífólfssker*

*63. Svartasker*

*64. Fálka-Jónshólmi*

*65. Fleskjasker*

*66. Hasarsker*

*67. Fles*

*68. Kumlasker*

*69. Gunnarssker*

*70. Iðusker*

*71. Gvöndarnessfles*

*72. Rifsker*

*73. Flegðusker*

*74. Bakur*

*75. Hnaggar*

*76. Tittlingshólmar*

*77. Selsker*

*78. Reyðarsker*

*79. Teigarhlass*

*80. Æðarsteinn*

*81. Svartasker*

*82. Selhaus*

*83. Sundasker*

*84. Ketilboðafles*

*85. Skorbeinn*

*86. Kolla*

*87. Langa*

*88. Latur*

*89. Flyðrusker*

*90. Miðfjarðarsker*

*91. Háasker*

*92. Kjöggur*

*93. Akkerishólmi*

*94. Hámundarstaðahólmi*

*95. Kerling*

*96. Baka*

*97. Hlass*

*98. Brúnklukka*

*99. Tíkarsker*

*100. Ásmundarstaðarey*

*101. Stíflur*

*102. Oddstaðaeyjar*

*103. Gunnhildarsker*

*104. Gerpisfles*

*105, Básunarhólmar*

*106. Heppa*

*107. Skarfhöttur*

*108. Gullþúfa*

*109. Kleppingur*

*110. Írekur*

*111. Dagmálasker*

*112. Rastarsker*

*113. Ribba*

*114. Gunnarssker*

*115. Bökur*

*116. Herjólfsvíkursker*

*117. Dritsker*

*118. Róðrarstapi*

*119. Stapi*

*120. Svertlingar*

*121. Almennings*

*122. Arnarey (við Papey)*

*123. Eiði (við Papey)*

*124. Flatey (við Papey)*

*125. Höfði (við Papey)*

*126. Hvanney (við Papey)*

*127. Sauðey (við Papey)*

*128. Arfaklettur (við Papey)*

*129. Mávabyggðir (við Papey)*

*130. Sölaeiði (við Papey)*

### 5.3. Ónafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins

Af hálfu íslenska ríkisins er áréttað að auk framangreindra nafn- og tilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar tekur krafa ríkisins jafnframt til allra annarra ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta B, Austurland. Fyrir liggur að um slík svæði er að ræða, en að um þau er ekki fjallað í heimildum og þau ekki merkt á kort, þannig að unnt sé að nafngreina eða tilgreina þau með öðrum skýrum hætti.

Tekið er fram að áskilinn er réttur til að bæta eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegum einingum inn í kafla 5.2 kröfulýsingar þessarar um nafngreind og að öðru leyti tilgreind svæði, eftir því sem heimildaöflun og rannsóknarvinnu vindur fram undir rekstri málsins. Af hálfu ríkisins er litið svo á að í slíku muni ekki felast aukning á kröfum ríkisins, heldur að svæði séu færð úr kafla 5.3 um ónafngreind svæði í kafla 5.2 um nafngreind svæði.

### 5.4. Utan þjóðlendukröfu íslenska ríkisins

Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins tekur ekki til Papeyjar. Er í því sambandi meðal annars litið til þess að um er að ræða eyju sem var í byggð í meira en 20 ár frá gildistöku laga nr. 46/1905 um hefð. Tekið er fram að hér er aðeins átt við meginland Papeyjar. Þjóðlendukrafa ríkisins nær hins vegar til allra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar á stórstraumsfjöru umhverfis Papey, þrátt fyrir að slíkar landfræðilegar einingar kunni í einhverjum heimildum að teljast tilheyra eyjunni eða vera hluti hennar. Sjá að öðru leyti kafla 5.2 og 5.3 kröfulýsingar þessarar.

## 6. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum fyrir þjóðlendukröfum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, eftir atvikum með því að færa þjóðlendukröfur inn á kröfukort, svo og til að gera breytingar á kröfulínum þar sem það á við. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð. Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjalýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins í kröfugerð, að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínur, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 2. febrúar 2024,
f.h. fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins,

Edda Björk Andradóttir, lögmaður

Óbyggðanefnd

Borgartúni 29

105 Reykjavík